

MOSFELLINGUR

11. tbl. 6. árg. föstudagur 7. september 2007. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



BÆJARSTJÓRAR MOSFELLSBÆJAR

Allir bæjarstjórar Mosfellsbæjar saman komnir á 20 ára afmælisári bæjarins. Páll Guðjónsson 1987-1992 áður sveitarstjóri 1982-1987, Róbert B. Agnarsson 1992-1994, Jóhann Sigurjónsson 1994-2002, Ragnheiður Ríkharðsdóttir 2002-2007 og Haraldur Sverrisson núverandi bæjarstjóri.

Mynd/Hilmar

EIGN VIKUNNAR

Litlikriki 28

219 m² einbýli



Tilbúð til afhendingar strax
219,2 m² einbýlishús með tvöföldum bílskúr í byggingu. Verð 43,7 m.

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ
586 8080
www.fastmos.is




Sjá nánar á bls. 3

Fasteignasala
Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali



Erum flutt í Háholt 13-15

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvogi 18, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkörk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki
vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 28. sept

Deilu-skipulag

Ekki hefur farið framhá neinum að deilur hafa staðið um tengibrautina svokölluðu við Álafossvos.

Morgunblaðið hefur nánast gefið út heilu aukablöðin uppá síðkastið um tengibrautina án þess að hafa nokkuð nýtt til málanna að leggja.



Ég fullyrði að 90% Mosfellinga eru orðnir fullsaddir af þessu máli eða hreinlega láta málið sig ekki varða. Nú er svo komið að

búið er að samþykkja skipulagið í bæjarstjórn og enginn stjórn mála-flokkur greiddi atkvæði gegn því. Er ekki kominn tími til að huga að öðrum og skemmtilegri málum?

Álafossvos er frábær staður og hana má efla og gera ennþá skemmtilegri en hún er í dag. Kvosin er bara á uppleið og hefur verið það alveg frá því hún var nánast að niðurlotum komin fyrir nokkrum árum.

Tengibrautin er komin til að vera, gerum gott úr því sem komið er. Ég hvet íbúa til að nýta nú orkuna á uppbyggilegan hátt fyrir sig og sína.

Púnktur

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



Reykjavegi 36
Sími 566 6103

www.isfugl.is




Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar handboltalið Aftureldingar stóð sig með eindæmum vel í kringum síðustu aldamót. Þá lögðu leið sína í stúdíó Hvarf, ásamt fjölda annarra, þeir Matthías Guðmundsson, Bjarni Ásgeir Jónsson, Páll Ásmundsson og Ingvar Ingvarsson til þess að taka upp Aftureldingarlagið sem var og er baráttulag Aftureldingar. Þessir menn voru allt í öllu hjá handknattsleiksdeild Aftureldingar og lyftu grettistaki fyrir handboltann með framtaki sínu og dugnaði. Lagið var samið af félögum úr 66 þeim Birgi Haraldssyni og Karli Tómassyni. *Kraftur, snerpa, úthald, ending, hérna kemur Afturelding!*



HÉÐAN OG ÞAÐAN



Finnst þér gaman að syngja?

Við leitum að nýjum félögum í okkar frábæra kór, Karlakór Kjalnesinga

Nánari upplýsingar hjá Jóni M. Jónssyni formanni í síma 892-1145 eða Páli Helgasyni söngstjóra í síma 896-0415, einnig er hægt að senda fyrirspurnir á karlakor@karlakor.is



www.fastmos.is
Sími: 586 8080

Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Helgugrund 3 – 204,0 m2 einbýlishúshú

Erum með í sölu glæsilegt og vel hannað 204,0 m2 einbýlishúshú á einni hæð við Helgugrund 3 á Kjalarnesi – norður Reykjavík. Fjögur svefnherbergi, glæsilegt eldhús, hvítt með Miele tækjum. Baðherbergi m/kari og sturtuklefa, stór stofa og gestasalerni. Plankaparket og flisar á gólfum og 2,75 cm lofthæð. Þetta er mjög flott eign á frábæru verði. **Verð kr. 47,9 m.**



Prastarhöfði – 3/4 ra herb. + bílskýli

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu afar glæsilega 3ja til 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli við Prastarhöfða 5 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög glæsileg, með eikar plankaparketi og flísum á gólf, hnotu innhurðar og innréttingar hvítar/hnotu. Hér hefur hvergi verið til sparað – frábær staður, sundlaug, líkamsrækt, skóli, leikskóli, golfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið. **Verð 33,2 m.**



Birkiteigur – 207,7 m2 sérh. í tvíbýli

Flott 160,9 m2 efri sérhæð ásamt 46,8 m2 bílskúr við Birkiteig 3 í Mosfellsbæ. Mjög fallett útsýni er úr íbúðinni, en um er að ræða nýja íbúð sem afhendist fullbúin með innréttingum og gólfnum. Verið er að helluleggja bílplán fyrir framan húsið. Þetta er spáný íbúð í nýuppbyggðu hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er laus til afhendingar. **Verð kr. 49,0 m.**



Þverholt – 4/5 herbergja

NÝTT Á SKRÁ Var að koma, 118,5 m2, 4-5 herbergja íbúð á 2. hæð við Þverholt 9 í Mosfellsbæ. Íbúðin er með 3 góðum svefnherbergju, en geymsla á gangi hefur einnig verið notuð sem herbergi. Stórt eldhús, sér þvottahús og góð stofa. Þetta er vel skipulögð íbúð á hagstæðu verði á miðbæjarsvæði Mosfellsbæjar. **Verð 25,8 m.**

Krókabyggð – Glæsilegt einbýlishúshú

Erum með glæsilegt 325 m2 einbýlishúshú á tveimur hæðum á skógivaxinni 2.000 m2 eignarlóð rétt við Varmána í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi, 3 baðherbergi, stór og mikil stofa með arni, eldhús, þvottahús og geymslur. Lóðin er 2.000 m2 skógivaxin eignarlóð og stendur húsið rétt við Varmána, en þar eru frábærar gönguleiðir og útivistarsvæði. Mjög falleg aðkoma er að húsinu, þar sem stórt bílplán og skógivaxið umhverfi tekur á móti þér. Þetta er reisulegt hús á einstakri lóð rétt við Varmána þetta er eign sem vert er að skoða. **Verð 84,0 m.**



Urðarholt – 2ja herb.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 64,3 m2, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í litlu 3ja hæða fjölbýli við Urðarholt 7 í Mosfellsbæ. Stórt hjónaherbergi, flísalagt baðherbergi m/kari, björt stofa og eldhús með borðkrók. Geymsla og sameiginl. þvottahús í kjallara. Góður staður í miðju Mosfellsbæjar, stutt í þjónustu og verslanir. **Verð 17,7 m.**



Blikahöfði – 2ja herb + bílskúr

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu 76,9 m2, 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli með opnum stigagangi. Íbúðin er rúmgóð og björt, eikarparket og flisar á gólfum. Íbúðinni fylgir 27,6 m2 bílskúr með góðu milli lofti. Þetta er draumastaður, rétt við nýjan grunnskóla og leikskóla, svo er ein flottasta sundlaug landsins, golfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið. Íbúðin getur verið laus fljótlega. **Verð 23,5 m.**



Litlatriki 28 – 219 m2 einbýli

Tilbúð til afhendingar strax 219,2 m2 einbýlishúshú með tvöföldum bílskúr við Litlatriki 28 í Mosfellsbæ. Húsið er hefðbundið staðsteypt hús á einni hæð með gráum kvartasalla, alzink bárujarni á þaki. Íbúðin er 177,0 m2 og bílskúrin er 42,2 m2. Búð er að einangra útveggi og múra og loft er einangrað og rakavarið. Lóð er grófjfnuð. Húsið tilbúið til afhendingar við kaupsamning. Erum einnig með annað samskonar hús við Litlatriki 26 sem selst fókheldt á **38,4 m.** **Verð aðeins kr. 43,7 m.**



Tröllateigur – 133,5 m2 endaíbúð

Vorum að fá mjög glæsilega 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í 4ra hæða lyftublokk með bílastæði í lokaðri bílageymslu við Tröllateig 20 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög stór og rúmgóð, stór stofa og borðstofa, eldhús með fallegri eikarinnréttingu, tvö svefnherbergi, flísalagt baðherbergi og stórt þvottahús ásamt geymslum. Bílastæði í bílageymslu og tvær stórar geymslur. Þetta er topp íbúð á besta stað í húsinu. **Verð 31,5 m.**



Byggðarholt – 146,6 m2 raðhús

Til sölu 122,2 m2 raðhús á einni hæð ásamt 24,4 m2 bílskúr á fallegum stað við Byggðarholt í Mosfellsbæ. Falleg innrétting í eldhúsi sem er nýlega endurnýjað ásamt baðherbergi, 4 svefnherbergi, stór stofa, hol og gestasalerni. Sólskáli og stór og skjólgóður suðurgarður. **Verð kr. 36,7 m.**



Einbýlishúsalóðir í Mosfellsbæ

NÝJAR LÓÐIR Í SÖLU Erum að hefja sölu á síðustu einbýlishúsalóðunum á svæði 3D í Leirvogstungu. Um er að ræða m.a. glæsilegar jadarlóðir við Leirvogsánnu Verð frá 13,5 milljónum með gatnagerðagjöldum. **TILBOÐUM VERÐUR SVARAÐ INNAN 24 KLST.** Þetta er eitt af fallegustu byggingarlóðum á höfuðborgarsvæðinu, með Leirvogsá og Köldukvísl í sitt hvora hönd. Á svæðinu verða eingöngu byggð einbýl-, rað- og parhús. Kynntu þér málið á www.leirvogstunga.is eða hafðu samband við okkur á Fasteignasölu Mosfellsbæjar.



Helgafellsvegur samþykktur

Deiliskipulag Helgafellsvegar sem mikið hefur verið í umræðunni síðustu misseri var tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar 26. ágúst sl. Fulltrúar meirihluta bæjarstjórnar og Framsóknarflokks samþykktu deiliskipulagið en fulltrúar Samfylkingar sátu hjá. Samhliða var samþykkt umhverfisskýrsla, Umhverfismat deiliskipulags Helgafellsvegar, skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætлана.

Herdís formaður bæjarráðs

Breytingar hafa verið gerðar á stjórnarsýslu bæjarins í kjölfar bæjarstjórnarskippta.

Herdís Sigurjónsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, hefur tekið við sem formaður bæjarráðs.



Herdís hefur setið í bæjarstjórn Mosfellsbæjar frá 1998 og var forseti bæjarstjórnar 2004 -2006. Haraldur Sverrisson fráfarandi formaður sest í stól bæjarstjóra.



Hreinar stendur á Kjalarnesi

Nú í þriðjun skólaárs komu nokkrir erlendir sjálfboðaliðar og fræddu nemendur í 4. og 5. bekk Klébergsskóla um umhverfismál. Að lokinn fræðslunni var farið niðri fjöru að tína rusl og endurtóku þau þar með leikinn frá því fyrir ári síðan. Það voru Jóhanna og Beta umsjónarkennarar sem héldu utan um þennan árlega viðburð í skólalífinu á Kjalarnesi.

ATORKA
hip hop - línudans
breik dans
www.man.is

Ragnheiður Ríkharðsdóttir lætur af starfi bæjarstjóra eftir 5 ára starf

Haraldur orðinn bæjarstjóri

Um mánaðamótin urðu bæjarstjórnarskippti í Mosfellsbæ. Ragnheiður Ríkharðsdóttir hættir sem bæjarstjóri eftir rétt rúmlega fimm ára starf, en eins og kunnugt er var Ragnheiður kjörin alþingismaður í alþingiskosningunum síðast liðið vor.

Við starfi Ragnheiðar tekur Haraldur Sverrisson fyrstum skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn.

Haraldur hefur sem bæjarfulltrúi, formaður bæjarráðs og formaður skipulags- og byggingarnefndar Mosfellsbæjar áralanga og víðtæka reynslu af starfssemi Mosfellsbæjar og af sveitastjórnarmálum almennt.

Haraldur Sverrisson er viðskiptafræðingur að mennt og með framhaldsnám í fjármálum frá University of Arizona í Bandaríkjunum.

Haraldur er Mosfellingurinn að þessu sinni í blaðinu og má sjá ítarlegt viðtal við hann á síðu 12.



Haraldur Sverrisson tekur við lykklunum úr höndum Ragnheiðar Ríkharðsdóttur

Mosfellingur leit inn á sýningu á söngleiknum Ást í Borgarleikhúsinu

Félagar úr Álafosskórnum leika og syngja

Söngleikurinn Ást hefur fengið góðar viðtökur í Borgarleikhúsinu.

Sagan fjallar um ástir og daglegt líf heimilismanna á elliheimili. Tíu félagar úr Álafosskórnum taka þátt í uppfærslunni en meðlimir kórsins eru: Guðlaug Friðriksdóttir, Ragnar Gylfi Einarsson, Jóhanna Baldursdóttir, Hjördís Sigurðardóttir, Sveinn Kjartansson, Jette Svava Jakobsdóttir, Elías Árnason, Guðríður Pálsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir og Úlfhildur Geirsdóttir.

„Það er virkilega gaman að starfa með þessu frábæra fólki hér í leikhúsinu“ sögðu þau. Aðspurð hvort þau ætli að leggja leiklistina fyrir sig svara þau því hlægjandi til að þau bíði bara eftir næsta tilboði.

Með þeim á sviði er svo úrvalslíð leikara sem margir hverjir hafa ekki leikið opinberlega í áratugi.

Leikstjóri er Gísli Örn Garðarsson.

Sjón er sögu ríkari, hægt er að nálgast frekari upplýsingar á www.borgarleikhus.is



ÞÚ ERT
LEIKSTJÓRINN Í ÞÍNU LÍFI



HVAÐ VILTU VERÐA? **HVAÐ** VILTU LÆRA? **HVERT** VILTU FARA?
ÞÚ ERT LEIKSTJÓRINN Í ÞÍNU LÍFI, OG ÞAÐ ER SAMA **HVAÐA** HLOTVERK ÞÚ VELUR, **KAUÐÞING** STENDUR MEÐ ÞÉR.
KAUÐÞING BÝÐUR ÞJÓNUSTU SEM ER SNIÐIN AÐ ÞÖRFUM UNGS FÓLK.
KANNAÐU MÁLIÐ Á WWW.KAUÐÞING.IS/UNGTFOLEK **EÐA** HRINGDU Í SÍMA 444 7000.

HVERT ER ÞITT HLOTVERK?



KAUÐÞING

Hugsum lengra



Gönguleið frá fjöru til fjalls með Varmá

Hópur „Veraldarvina“ sem hafa verið í sjálboðavinnu hjá Mosfellsbæ hafa unnið í sumar við að lagfæra og leggja stíg meðfram Varmá. Veraldarvinir eru um 15 manns og að mestu frá Evrópulöndunum. Svæðið meðfram Varmá er mjög fallegt og mun stígurinn eflaust verða mikið notaður í framtíðinni. Sem þakklætisvott fyrir framlag sitt var þeim boðið í skoðunarferð á Þingvelli, Gullfoss og Geysi með grillveislu og öllu tilheyrandi í boði Mosfellsbæjar.



Sumarlestur á bókasafninu

Bókasafnið hefur staðið fyrir sumarlestri fyrir krakka síðustu sumar. Þar fá þeir tækifæri til að bæta lestrarkunnáttu sína og upplifa ævintýraheim bókanna. Alls tóku 88 börn þátt þetta sumarið sem er töluverð aukning frá síðasta ári. Uppskeruhátíð var haldin í safninu undir lok síðasta mánaðar þar sem allir þátttakendur fengu viðurkenningarskjal og glaðning frá Bókasafninu. Fyrir þá sem ekki komust á uppskeruhátíðina er hægt að nálgast glaðninginn á safninu.



15.000 kr. frístundaávísanir til allra grunnskólabarna sendar til Mosfellinga

Frístundastarf greitt niður

Í ágúst voru sendar Frístundaávísanir, að upphæð kr. 15.000, til allra 6-16 ára barna í Mosfellsbæ. Ávísunina getur barnið notað til að greiða niður frístundastarf að eigin vali.

„Þetta er frábært tækifæri til að allir standi jafnt að vígi þegar kemur að tómstundarariðkun“ segir Edda Davíðsdóttir tómstundarfulltrúi.

Til að geta nýtt ávísunina þarf viðkomandi, að eiga lögheimili í Mosfellsbæ, vera fædd/ur á árunum 1992-2001 og frístundastarfið sem valið er þarf að vera skipulagt starf, kennsla eða þjálfun sem nær yfir eina önn eða lágmark 10 vikur. Það eina sem viðkomandi þarf að gera er að fylla út ávísunina og nota hana sem greiðslu upp í þáttökugjöld hjá viðkomandi félagi.

Meginskilyrði Mosfellsbæjar er að starfsemin sem valin er sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í viðum skilningi, starfsemin fari fram undir leiðsögn viðurkenndra



Frístundaávísun hefur verið send inn á heimili allra barna á aldrinum 6-16 ára.

starfsmanna og leiðbeinenda, við aðstæður sem hæfa starfi með börnum og unglingum.

Ef að einhverjar spurningar vakna, eða ef að ávísunin hefur einhverja hluta vegna ekki komið inn á ykkar

heimili, þá vinsamlegast hafið samband við: Eddu Davíðsdóttur tómstundafulltrúa í síma: 566-6058 eða e-mail edda@mos.is, eða við Sigurð Guðmundsson íþróttafulltrúa í síma 566- 6754 e-mail sg@mos.is

Ragnar Örn Steinarsson tekur við af Þórdísi Úlfarsdóttur

Nýr útibússtjóri Kaupþings

Breytingar hafa átt sér stað hjá útibúi Kaupþings í Mosfellsbæ. Þórdís Úlfarsdóttir, sem gegnt hefur starfi útibússtjóra undanfarin fjögur ár, hefur fært sig um set og tekið við stjórn útibús bankans á Selfossi. Í hennar stað hefur verið ráðinn Ragnar Örn Steinarsson sem hefur starfað sem þjónustustjóri útibúsins undanfarin ár.

Ragnar er uppallinn að mestu í Mosfellsbæ og hefur búið hér lengst af. Hann er viðskiptafræðingur að mennt frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst og hefur starfað í banka í alls átta ár. „Nýja starfið leggst mjög vel í mig, enda tek ég við góðu búi og hér starfar frábært fólk. Í okkar fallega bæ og sveitunum í kring vilja sífellt fleiri eiga heima og mun bankinn hér eftir sem hingað til kappkosta að veita einstaklingum og fyrirtækjum góða og vandaða bankaþjónustu“ sagði Ragnar.

Fráfarandi útibússtjóri, Þórdís Úlfarsdóttir, segir að sér hafi liðið vel í starfi hér og vill koma á framfæri þökkum til viðskiptavina sinna. Jafnframt hlakkar hún til að takast á við þau verkefni sem bíða á nýjum vettvangi. „Hér hef ég kynnst góðu fólki og tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum bæði hér í bænum og á Kjalarnesi ásamt sveitunum í kring um okkur“. Nú starfa tólf manns í útibúinu sem er allt hið glæsilegasta eftir gagngerar breytingar. Þá er skiptiborð Kaupþings starfrækt á efri hæð útibúsins en þar eru nú átta starfsmenn.



Þórdís og Ragnar í bankanum

Félagsstarf eldri borgara

Leikfimi byrjar!

Leikfimitímar verða á mánudögum kl. 13.30 í íþróttasalnum í kjallara Dvalarh. Hlaðömrum. Kennari verður Kristín Einarsdóttir.

Handverksstofan á Dvalarh. Hlaðhömrum,

er opin alla virka daga kl. 13-16. Skráning er hafin á námskeiði í tréskurði og bókbandi. Sími: 586-8014 e. h., Svanhildur.

Vatnsleikfimi á Reykjalandi á vegum Rauða krossdeildar Kjósarsýslu byrjar miðvikudaginn 12. sept. kl. 11.30

ELDRI BORGARAR





Ertu að leita að lóð?

*

LEIRVOGSTUNGA

sérbylí í sveit

Hafin er sala á nýjum lóðum hér í Mosfellsbæ á svæði sem liggur að Leirvogsa. Útsýni er einstakt til fjalls og fjöru, landi hallar til sjávar og örstutt er í útivistarperlur. Líttu á vefinn okkar **WWW.LEIRVOGSTUNGA.IS**. Þar er að finna vandað lóðakort, fallegar myndir af svæðinu og upplýsingar um sögu þess og framtíð.

Leitaðu ekki langt yfir skammt.

Draumalóðin þín gæti leynst í Leirvogstungu.



Samsöngur kóranna okkar við undirleik Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar. Góðar undirtektir voru meðal áhorfenda og gesta.

Hátíðin „Í túninu heima“ haldin í þriðja sinn á 20 ára afmæli Mosfellsbæjar

Bæjarhátíðin komin til að vera



Stuðmenn tóku forskot á sæluna á fimmtudags



Skólahljómsveitin vel með á nótunum



Bás Varmárskóla í sýningarhöllinni



Hin vinsæla Sprengjuhöll spilar í boði OR



Götu grillið tekið mjög bókstaflega



Áhugaverðir fornbílar til sýnis fyrir gesti



Félagar úr leikfélaginu með ýmsa leikmuni



Egill kom sínum mönnum á beinu brautina



Félagar úr Ásgarði tóku vel á móti gestum



Nýju leiktækin á Stekkjarflöt voru vinsæl



Gula hverfið lét ekki rigninguna á sig fá



Stemning á balli með Gildrunni í Hlégarði



Margt var gert til að laða fólk að í básana



„Mér finnst rigningin góð...“ Góðar undirtektir í brekkusöng þrátt fyrir mikla rigningu



Trío Reynis Sigurðssonar og Raggi Bjarna með hangandi hendi eins og honum er lagið



kvöldinu með útitónleikum í boði Mosfellsbæjar



Íbúar voru duglegir að hópa sig saman í götugrill. Auður, Klara og Erna í Krókabyggð.



Kristján á Grjóteyri, Raggi Bjarna og Hans Jenson hita upp fyrir átökin



Þrumur og eldingar með árlegt Fló&fjör



Hátíðardagskrá þar sem heiðursborgari Mosfellsbæjar, Salome Porkelsdóttir, var heiðruð



Margir lögðu leið sína á útmarkað



Rituhöfðinn lagði grunninn að gulum sigri í skreytingakeppninni þetta árið



Liðsmenn íþróttamiðstöðvarinnar voru sigurvegarar Ólympíuleika fyrirtækja



Hressir krakkar í hoppukastala sem var búin að koma vel fyrir í Þratarhöfðanum



Andlitsmálaðir og flottir að Varmá



Stærðfræðisafnið Mathematikum frá Þýskalandi var opið fyrir gesti og gangandi



Fjöldi fólks fylgdist með Ólympíuleikum Mosfellsbæjar þar sem fyrirtæki öttu kappi



Líf og fjör á útmarkaði Mosskóga sem hefur verið starfræktur í Dalnum í sumar



Starfsfólk Pílus í öllu sínu veldi



Sigurður Sigurðsson tók á móti fólki í borholu 13 í dælustöðinni í Reykjahverfi. Í Mosfellsbæ eru 36 virkar borholur.



Mikið fjör í götugrillinu í Hrafnshöfða þar sem safnast var saman hjá nýjstu íbúunum



Leikarar úr Ófviðrinu eftir Shakespeare



Félagar úr leikfélaginu létu rínginguna í Ullarnesbrekku ekkert á sig fá



Liðsmenn Aftaks fengu viðurkenningu fyrir flottustu búningana á Ólympíuleikumum

Hliduhlíð

Mosfellsbær
Eggerbergað

Stærð: 65,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1999
Brunabótamat: 10.700.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX

Ping



Uppl gefur Garðar s: 8930082

Verð: 18.900.000

Falleg 2-3 herbergja íbúð á jarðhæð. Forstofa dúkalögð með fataslá og hillu. Gangur parketlagður og svefnherbergi á vinstri hönd. Stór fataskápur er í svefnherbergi og dúkur á gólf. Hægra megin á gangi er gengið inn á baðherbergi. Dúkur á gólf. Baðker með sturtuhaus. Spegill fyrir ofan handlaug. Inn af baðherbergi er þvottahús með hillum. Búð er að útbúa lítið barnaherbergi þar sem geymsla átti að vera og er gengið inn í það af gangi. Stofa er parketlögð. Eldhús er með fallegri innréttingu

Garðar Skarp.
Sölufulltrúi
893 0082
g@remax.is



Pórarinn Arnar
Sævarsson
Lögg. fasteignasali
tas@remax.is



☎ -53520 Mosfellsbær 3300 -web


Helgugrund 6

116 Kjalarnes
Glæsilegt einbýli.

Stærð: 195,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2001
Brunabótamat: 36.500.000
Bílskúr: Já

RE/MAX

Ping



Fallegt hús í rólegu umhverfi.

Verð: 41.000.000

Tvær stofur ásamt borðstofu með flisum á gólf. Inni betri stofuna er gengið niður eina tröppu úr forstofu. Eldhús opið inn í borðstofu. Góður borðkrókur er í eldhúsi. Tvö góð barnaherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi. Mjög fallegt baðherbergi með fallegri innréttingu, flisalagt í hól og gólf með hita í gólf. Flisalagt eldhús og borðstofa. Baðherbergi flisalögð. Stór bílskúr. Húsið er klætt með múrsteinum að utan. Upphitað plan. Þetta er fallegt hús á rólegum og góðum stað á Kjalarnesi.

Björn P Hannesson
Sölufulltrúi
865 6565
bth@remax.is



Pórarinn Arnar
Sævarsson
Lögg. fasteignasali
tas@remax.is



RE/MAX Ping - Háholt 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 4123300 - www.remax.is


BÓKÁÐU

270 Mosfellsbær
Bókáðu

Stærð: 1300 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 2008
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Nei

RE/MAX

Ping



BÓKÁÐU SKOÐUN Í SÍMA 692-9532

Verð: 13.500.000

Frábærar útsýnislóðir í Reykjahverfi í Mosfellsbær. Um er að ræða lóðir staðsettar að Reykjahvoli í Mosfellsbær. Stærð lóða er frá 762 fm -1300 fm. Lóðirnar verða byggingahæfar 2008. Ásett verð er 13.500.000,- (án gatnagerðargjalda) Möguleiki á 100% fjármögnun. Uppl. gefur Högni Kjartan Þorkelsson gsm: 692-9532 Hogni@remax.is

Högni Kjartan
Sölufulltrúi
628
h@remax.is



Þórnir
Ögðinn

898 8889
tas@remax.is



☎ -5 - 270 Sími 3300

FRÍTT VERÐMAT FYRIR SÖLU

ERUM MEÐ KAUPENDUR
AÐ EIGNUM Í MOSFELLSBÆ,
ER EIGNIN ÞÍN SKRÁÐ
HJÁ OKKUR ?

Hringdu núna
4123300

Ásland
270 Mosfellsbær
Mikið endurnýjað parhús.

Stærð: 137 fm
Fjöldi herbergja: 4-5
Byggingarár: 1984
Brunabótamat: 18.850.000
Bílskúr: Já



Bókið skoðun í 692 9532

Verð: 33.500.000

Flísalögð forstofu með fataskáp. Hjónaherbergi með eikarparketi. Stórt svefnherbergi, með plastparketi. Annað herbergi með plastparketi. Svefnherbergi er með eikarparketi, notað sem fataherbergi. Glæsilegt baðherbergi með hvítri innréttingu, flísalagt er í hólf og gólf, tengi fyrir þvottavél, baðkar og sturtu. Eldhúsi með eikarparketi, sérsmíðaðri innréttingu, flisum á borðplötu, milli skápa. Stofa með eikarparketi, útgengt í sólstofu. Afgirtur garður með pall. Geymslupláss er í milli lofti.

RE/MAX Þing - Háholt 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 4123300 - www.remmax.is

RE/MAX
Þing

Högni Kjartan
Sölufulltrúi
692 9532
hogni@remax.is



Pórarinn Sævarss.
Lögg. fasteignasali
898 8889
tas@remax.is



Freyjubrunnur 11
Úlfarsfell, Reykjavík
Einbýlishús á útsýnislóð.

Stærð: 249,4 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 2007
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já



Allar upplýsingar veitir Högni Þorkelsson í síma 692-9532

Verð: 54.900.000

249,4 fm einbýli, þ.a. 25,5 fm bílskúr á útsýnislóð. Jarðhæð skiptist í forstofu, sjónvarpshol, baðherbergi, stofu, geymslu, þvottahús og þrjú svefnherbergi. Gengið út á stóran pall. Efri hæð er opið eldhúsi, stofa, samtengt sjónvarpsholi, svefnherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi. Tvær góðar svalir. Möguleiki á sér íbúð. Húsið skilast rúmlega fókelt að innan. Lóð gróðfnuð. Fullbúið að utan. Ágluggar. Möguleiki er að kaupa á ýmsum byggingar stigum. Stuttur afhendingar tími.

RE/MAX Þing - Háholt 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 4123300 - www.remmax.is

RE/MAX
Þing

Högni Kjartan
Sölufulltrúi
692 9532
hogni@remax.is



Pórarinn Sævarss.
Lögg. fasteignasali
898 8889
tas@remax.is



Laxatunga
270 Mosfellsbær
Fókheld raðhús í Leirvogstungu

Stærð: 189 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2007
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já



Bókið skoðun í 692 9532

Verð: tilboð

Um er að ræða sex 189 fm (þ.m.t bílskúr)raðhúsa íbúðir á tveimur hæðum að Laxatungu í Leirvogstungu. Á neðri hæð skiptast íbúðirnar í forstofu (innangengt í bílskúr), gang, gestabaðherbergi, eldhúsi, stóra stofu og geymslu. Á efri hæð skiptast íbúðirnar í hjónaherbergi, tvö svefnherbergi, baðherbergi, sjónvarðshol og þvottahús. Íbúðirnar afhendast fólkheldar. Afhent verður í Des. 2007 og Jan. 2008

RE/MAX Þing - Háholt 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 4123300 - www.remmax.is

RE/MAX
Þing

Högni Kjartan
Sölufulltrúi
692 9532
hogni@remax.is



Pórarinn Sævarss.
Lögg. fasteignasali
898 8889
tas@remax.is



Fullur eftirvæntingar

Þetta leggst mjög vel í mig, þetta er spennandi, gefandi og ábyrgðarmikið starf og ég er fullur eftirvæntingar“ segir Haraldur Sverrisson, sem hefur gegnt stöðu formanns bæjarráðs og skipulags og byggingarnefndar undanfarnin fimm ár og hefur nú tekið við starfi bæjarstjóra í Mosfellsbæ.

Haraldur tekur við af Ragnheiði Ríkarðsdóttur sem eins og kunnugt er var kjörin á þing í alþingiskosningunum í vor. Ákveðið var við bæjarstjórnarkosningarnar í fyrra að Haraldur tæki við á miðju kjörtímabilinu árið 2008 en þar sem Ragnheiður snýr til annarra starfa tekur hann fyrr við en áður var ákveðið.

Haraldur hefur viðtæka reynslu af starfsemi Mosfellsbæjar og af sveitastjórnarmálum almennt og gegndi stöðu skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu áður en hann tók við starfi bæjarstjóra, hann er viðskiptafræðingur að mennt.

Haraldur er fæddur í Reykjavík 14. desember árið 1961 en fluttist 7 ára gamall í Mosfellsveitina en foreldrar hans, Sverrir Haraldsson og Steinunn Marteinsdóttir keyptu lögbylíð Hulduhóla árið 1968. Sverrir heitinn var listmálari og Steinunn er leirkerasmiður og listmálari.

Hulduhólum breyttu þau hjónin úr fjósi og hlöðu í íbúðarhús og vinnustofur fyrir list sína og hefur húsið Hulduhólar ætíð sett sterkan svip á aðkomuna í bæinn og ekki síður steinblómin sem standa upp á heimagerðri hljóðmön við Vesturlandsveginn.

Smalaði lausagöngufé

Þegar Haraldur flutti í Mosfellsveitina voru tveir litlir þéttbýliskjarnar í sveitinni þ.e. Hlíðatúnshverfið og göturnar Markholt og Lágholt. Fljótlega fór byggðin að stækka og óx mjög hratt næstu árin. Guttarnir í sveitinni og þar á meðal Halli á Hulduhólum, eins og hann var kallaður, fengu vinnu við það á sumrin að smala lausagöngufé úr görðum nýfluttra og metnaðarfullra garðeigenda. Þetta voru hin mestu uppgrip fyrir þá því það þurfti bæði



MOSFELLINGUR

að smala eldsnemma á morgnana og seint á kvöldin. Í þessum smalaferðum sínum kynnst Haraldur sveitinni sinni vel og þúfunum, holtin og fellin urðu honum kunn.

Ætlaði að verða læknir

Haraldur gekk í grunnskóla í Mosfellsveitinni og eftir samræmdu prófin lá leiðin í Menntaskólann við Sund sem þá var hverfaskóli Mosfellsbæjar. Þaðan útskrifaðist Haraldur árið 1981. Á menntaskólaárunum hafði Haraldur áhuga á að gerast læknir en sá áhugi stóð ekki lengi þar sem Haraldur skráði sig í Viðskiptadeild Háskóla Íslands og lauk þaðan prófi fjórum árum síðar.

„Það voru margir hissa þegar ég hóf nám í viðskiptadeildinni“, segir Haraldur og brosir. „Fólki fannst skrítið að listamannssonurinn færi að læra um viðskipti og fjármagn, en ég held að þetta hafi verið hárrétt ákvörðun, ég hef haft mikla ánægju af þeim störfum sem ég hef unnið eftir háskólann og vonandi getað látið eitthvað gott af mér leiða.“

Af hverju pólitik ?

„Ég var ekki mikið í félagsmálum

á mínum yngri árum og hafði satt að segja engan sérstakan áhuga á þeim“ segir Haraldur. „Ég hef þó alltaf haft áhuga á þjóðfélagsmálum og allri umræðu henni tengdri.

Ég varð snemma sjálfstæðismaður þó ég tæki engan þátt í starfi flokksins lengi vel.“

Árið 1996 varð Haraldur formaður Golfklúbbsins Kjalar. „Ég hafði mjög gaman af verkefnum hjá golfklúbbnum og við það kviknaði áhugi minn á félagsmálum. Þegar ég var síðan beðinn um að taka sæti á lista sjálfstæðismanna fyrir sveitastjórnarkosningarnar árið 1998 þurfti ég að hugsa mig vel um en lét slag standa. Okkur tókst nú ekki að vinna meirihlutann í það skiptið en ég varð varabæjarfulltrúi og tók sæti í skipulags- og byggingarnefnd og einnig menningarmálanefnd.

Síðan leiddi eitt af öðru, við unnum hreinan meirihluta í kosningunum árið 2002 og erum nú í góðu samstarfi við Vinstri græn, síðan hef ég verið bæjarfulltrúi, formaður bæjarráðs og skipulags- og byggingarnefndar“ bætir Haraldur við.

Spurður hvort einhverjar breytinga megi vænta með nýjum bæjarstjóra segir Haraldur „Það verða engar byltingar gerðar, við vinnum samkvæmt málefnasamningi sem gerður var í upphafi kjörtímabilsins og honum verður ekki breytt, en öllum nýjum stjórnendum fylgir eitt-hvað nýtt. Ég hef reyndar ákveðið í samráði við meirihlutann að hefja heildarstefnumótun fyrir bæjarfélagið. Stefnumótun fyrir starfsemi bæjarins hefur ekki verið unnin síðustu tíu árin og kominn tími til að fríska upp á hana. Ég hef mikinn áhuga á að virkja íbúana með í þetta verkefni og eiga stefnumót við þá samhliða þessu verkefni.“



Haraldur á sínum yngri árum, 5 ára með slaufu og 14 ára töffari með sitt há.

Fjölskyldan og frístundirnar

Haraldur er kvætur Ragnheiði Gunnarsdóttur viðskiptafræðingi og forstöðumanni hjá Fjárskýlu ríkisins. Þau eiga soninn Sverri sem er sex ára. Haraldur á einnig dæturnar Steinunni Önnu 26 ára og Valgerði Rún 16 ára auk barnabarnsins Áróru dóttur Steinunnar.

Fjölskyldan styður Aftureldingu dyggilega og Sverrir æfir fótbolta í 7. flokki. Drjúgur tími fjölskyldunnar fer í æfingar og keppnisferðir með honum.

Valgerður hóf nám í haust í Kvinnaskólanum í Reykjavík og Steinunn Anna býr í Danmörku.

„Við fjölskyldan erum dugleg við að ferðast bæði innanlands og utan, eyðum alltaf góðum tíma í fellihýsinu okkar við að njóta náttúru og úti-vistar“ segir Haraldur.

„Nú ég er líka golfari til marga ára og reyni að stunda það eins mikið og ég get. Ragnheiður og Sverrir eru komin með mér í þetta líka en það getur stundum verið erfitt að finna lausan tíma þar sem mikill tími hjá mér fer í fundarhöld og annað slíkt í kringum pólitíkuna“ segir nýi bæjarstjórinn að lokum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni



Fjölskyldan á brúðkaupsdegi þeirra hjóna árið 2003. Steinunn Anna, Ragnheiður, Haraldur með Sverri í fanginu og Valgerður.

VETRARSTARF



AFTURELDINGAR

2007-2008



Aftureldingarkortið veitir þér:

- Fullgilda félagsaðild að Aftureldingu með 1000 króna félagsgjaldi á ári, frítt fyrsta árið
- möguleika á að styrkja Aftureldingu beint og óbeint á marga vegu
- fullgilt kreditkort ÁN árgjalda
- afslætti hjá fyrirtækjum



Landsbankinn

Kæru Mosfellingar

Í fyrrihaust gerðum við tilraun með að gefa út vetrarstarfsbækling Aftureldingar. Mjög góð viðbrögð voru við þessum bæklingi og því gefum við hann út í annað sinn í ár. Við erum stolt af því að kynna það fjölbreytta, öfluga og metnaðarfulla íþróttastarf sem í boði er í Aftureldingu. Með tilkomu frístundaávisana frá Mosfellsbæ er fjölskyldum í bænum gert auðveldara að stunda holla og skemmtilega íþrótt á vegum Aftureldingar. Við vonum að öll börn í Mosfellsbæ muni finna sér eitthvað við hæfi í vetur. Áfram Afturelding!

Fyrir hönd aðalstjórnar Aftureldingar og allra deilda,

Jón Pálsson, formaður Aftureldingar og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Aftureldingar



Ungmennafélagið Afturelding var stofnað 11. apríl 1909. Hátt í 1200 iðkendur æfa og keppa á vegum félagsins í 11 deildum. Starfsmenn aðalstjórnar eru tveir en yfir 40 þjálfarar og aðrir starfsmenn starfa innan deilda félagsins. Um 100 sjálfboðaliðar starfa fyrir Aftureldingu í stjórnun og nefndum.



BADMINTONDEILD

Allir eru velkomnir í badminton en í deildinni er blómlegt starf og er skemmtilegt og líflegt andrúmsloft á æfingum. Stefnt er að einni æfingaferð á starfsárinu en engin bein fjáröflun er fjórsjáanleg vegna hennar. Foreldrar iðkenda eru hvattir til að taka þátt í starfinu hvort sem er í stjórn eða foreldrafélagi því þannig skapast grundvöllur fyrir enn öflugra og betra starfi.

Iðkendur fá skráningarblöð hjá þjálfara á æfingu. Þjálfarar eru Jónas Huang og Einar Óskarsson.

12 ára og yngri

mán. 15:30-16:30, þri. 18-19 og fös. 17-18

13 ára og eldri

mán. 16:30-17:30, mið. 16:30-18:30 og fös. 18-19.

Verð: kr. 2600 (yngri) og kr. 3600 (eldri) pr. mánuð



BLAKDEILD

Krakkablak er frábær íþrótt sem er hugsuð fyrir aldurinn 6-16 ára. Það eru allir með í leiknum alltaf og fram að 12 ára þá eru stelpur og strákar saman í liði. Það eru fjórir saman á badmintonvelli með badmintonnet og það þarf alltaf þrjár snertingar við boltann, þannig að enginn verður útundan því síðan þurfa allir að skipta um stöður. Þessi íþrótt er sniðin að getu og þroska hvers aldurshóps fyrir sig sem síðan þróast smá saman upp í alvöru blak en markmiðið er að hafa gaman á æfingum.

Tvö til þrjú mót eru haldin á hverjum vetri. Nýir iðkendur fá skráningarblöð hjá þjálfara á æfingu en það eru fríir prufutímar í september sem enda með tveggja klst. skemmtimóti fyrir þátttakendur og foreldra sunnudag 30. sept.

6. og 7. fl. bæði kyn (1. 2. 3. 4. bekkur)

þri. og fös. 14:30-15:30 í sal 2 að Varmá þjálfari: Ursula Juneman.

Verð kr. 12.000,- fyrir haustönn

4. og 5. fl. bæði kyn (5. 6. 7. 8. bekkur)

þri. og fim. 16:30 í sal 2 að Varmá þjálfari: Reynir Arnason.

Verð kr. 12.000,- fyrir haustönn

3. fl. pílta (9. og 10. bekkur)

þri. og fim. kl. 16:30-18 og sun. kl. 16-17:30 í sal 2

að Varmá þjálfari: Einar Óli Þorvarðarson

Verð kr. 16.000,- fyrir haustönn.

Meistaraflokkur kvenna og karla

mán. og fim. kl. 19:30-21



FRJÁLSÍÞRÓTTADEILD

Frjálsíþrótt er heilsársíþrótt, en þjálfarar reyna að taka sér frí í september ár hvert. Vetrarstarf mun hefjast um mánaðamót sep./okt. með uppbyggingu í nokkra mánuði. Eftir því sem aldurinn er yngri er leikurinn meira aðalatriði.

Nýir iðkendur fá skráningarblöð hjá þjálfara á æfingu. Nánari upplýsingar hjá Hlyni C. Guðmundssyni í s. 699-3456.

16 ára og eldri æfa 5-6 daga vikunnar. Flesta daga kl. 18-20 að Varmá, sum eru þó seinna á kvöldin.

Verð kr. 5000,- pr/mán.

14-15 ára æfa með eldri á sama tíma og stað, en ekki eins oft. Verð kr. 5000,- pr/mán.

(Sumar ofangreindra æfinga verða einnig í öðru sveitarfélagi t.d. Frjálsíþróttahölli)

12-13 ára 4x í viku,

mán. kl. 17:30-18:30, þri. kl. 17:30-19, fim.

kl. 15:30-16:30 og fös. kl. 15:30-17.

Verð kr. 4000 pr/mán.

(Sumar ofangreindra æfinga verða einnig í öðru sveitarfélagi)

10-11 ára 3x í viku,

þri. kl. 15:30-16:30, mið. kl. 15:30-16:30 og fim. kl.

14:30-15:30. Verð kr. 3000,- pr/mán.

Æfingar hjá 9 ára og yngri verða tímsettir í samstarfi við skólasetlin 2x í viku. Upplýsingar er að finna hjá skólasetlum.



FIMLEIKADEILD

Fimleikadeild Aftureldingar var stofnuð árið 2000 og hefur vegur hennar vaxið hratt. Nú stunda um 300 vel þjálfaðir Mosfellingar á öllum aldri fimleika hjá Aftureldingu. Þess má geta að börn úr deildinni slógu öll met um fjölda verðlauna á síðasta ári, komu aldrei tómhent heim af mótum. Æfingar eldri hópa hófust 27. ágúst samkvæmt stundatöflu. Hægt er að bæta við iðkendum í nokkra hópa.

Nýtt! Fullorðinsfimleikar eru nú annað árið í röð við miklar vinsældir. Þar er byggt upp á alhliða fimleikaiðkun með brennslu, teygjum og styrktaræfingum. Fimleikakunnátta er ekki nauðsynleg.

Æfingatími leikskólabarna:

Mánudagur	Þriðjudagur
Stelpur 3 ára	Stelpur 4 ára
16:30 - 17:15	16:45 - 17:30
Stelpur 3 ára	Stelpur 4 ára
17:15 - 18:00	17:30 - 18:15

Miðvikudagur	Föstudagur
Stelpur 5 ára	Drengir 4 ára
16:15 - 17:15	16:45 - 17:30
Stelpur 5 ára	Drengir 5 ára
17:15 - 18:15	17:30 - 18:30

Nánari upplýsingar og skráningar hjá Önnu Margréti í s. 566-6280/annamargret@simnet.is



HANDKNATTLEIKSDEILD

Æfingar hófust í öllum flokkum 28. ágúst með metnaðarfulla þjálfara sem eru tilbúnir að hefja handboltann í Mosfellsbæ á herra plan. Þjálfari meistaraflokks karla er Bjarki Sigurðsson og spilar meistaraflokkur nú í úrvalsdeild. Yfirþjálfari yngri flokka drengja og stúlkna er Svava Ýr Baldvinsdóttir. Nýir iðkendur fá skráningarblöð hjá þjálfara á æfingu. Æfingagjöld miðast við allt tímabilið.

2. fl. karla, 18 og 19 ára strákar,

þjálfari: Haukur Sigurvinsson
þri. 20-21, fim. 19:30-20:30, æfa auk þess með meistaraflokki að hluta til.

Ungl. fl. karla, 16 og 17 ára strákar,

þjálfari: Ingimundur Helgason
mán. 21-22, þri. 21-22:30, fös. 20-21 og sun. 15-16:30. Verð kr. 32.000,-

4. fl. karla, 14 og 15 ára strákar,

þjálfari: Ásgeir Jónsson og Þrándur Gíslason
mán. 20-21, mið. 20-21:30, fös. 16:30-17:30 og sun. kl. 14-15. Verð kr. 32.000,-

5. fl. karla, 12 og 13 ára strákar,

þjálfari: Ásgeir Sveinsson og Örn Ingi Bjarkason
þri. og mið. 17:30-18:30, fim. kl. 16:30-18 og sun. kl. 11-12. Verð kr. 29.000,-

6. fl. karla, 10 og 11 ára strákar,

þjálfari: Hjörtur Arnarson
mán. 17-18:30, mið. kl. 15:30-16:30 og sun. kl. 11-12. Verð kr. 27.000,-

7. fl. karla, 8 og 9 ára,

þjálfari: Steinunn Þorkeldsdóttir og Sara Kristjánsd. mán. 14:30-15:30 og fim. 15:30-16:30. Verð kr. 19.000,-

Ungl. fl. og 4. fl. kvenna, 14-17 ára stelpur,

þjálfari: Svava Ýr Baldvinsdóttir
mán. kl. 17:30-18:30, fim. 20:30-22, fös. 17:30-18:30 og lau. 15-16:30. Verð kr. 32.000,-

5. fl. kvenna, 12-13 ára stelpur,

þjálfari: Sigurbjörg Kristjánsdóttir
þri. kl. 16:30-17:30, mið. 16:30-17:30, fös. 15:30-16:30 og sun. 12-13. Verð kr. 29.000,-

6. fl. kvenna, 10 og 11 ára,

Þjálfari: Sigrún Másdóttir
Þri. 15:30-16:30, fös. 17-18 (í Lágafellsskóla) og
sun. 13-14. Verð kr. 27.000,-

7. fl. kvenna, 8-9 ára stelpur, þjálfari:

Þri. 14:30-15:30, fös. 14:30-15:30. Verð kr. 19.000,-

8. fl. strákar og stelpur 7 ára og yngri,

þjálfari: Steinunn Þorkelsdóttir

Þri. 14:30-15:30. Verð kr. 12.000,-



KARATEDEILD

Æfingar fara fram að Varmá. Yfirþjálfari: Vicente
3. dan s: 566-7754. Áhugasamir mæti á æfingu
við hæfi og er þeim velkomið að hafa samband
við þjálfara eða stjórn. Nýir iðkendur fá skráning
ingarblöð hjá þjálfara á æfingu. *Æfingagjöld eru
kr. 12000,- á haustönn (beltapróf innifalið).* Gangsa
skal frá greiðslum innan tveggja vikna frá því að
æfingar hefjast.

5-8 ára byrjendur og framhald

mán., þri. og fim. 17-18 og lau. 9:30-10:30 (frh).

9-12 ára byrjendur, mið. og fös. 18-19

9-12 ára framhald, mán., þri. og fim. 16-17 og lau.
9:30-10:30

12-16 ára, mán., þri. og fim. kl. 18-19:15 og lau.
10:30-12

Fullorðnir, mán., þri. og fim. kl. 19:15-20:30



KÖRFUKNATTLEIKSDEILD

Tveir flokkar 7. og 8. annars vegar og 9. og 10. hins
vegar voru saman á Íslandsmóti síðasta vetur en
meiningin er að fjölga flokkunum í vetur. Sérstakur
kynningarmánuður verður í körfunni í septem-
ber og eru allir krakkar í 5.-10. bekk velkomnir í
Íþróttahúsið við Lágafellsskóla. Þjálfari er Friðrik
G. Sigurðsson, íþróttakennari. Iðkendur fá skráning
ingarblöð hjá þjálfara á æfingu. Æfingátímar fyrir
körfuna í vetur er sem hér segir: mán., mið. og fim.
kl. 17:00-18:30 í Lágafelli og kl 13:00-14:30 á sun-
nudögum að Varmá.

KNATTSPYRNUDEILD

Prettán flokkar eru í barna og unglíngastarfi knatt-
spyrnuflokkar. Verð fyrir allt árið í 6.-3. flokki er kr.
42.000, kr. 28.000 fyrir 7. flokk og kr. 15.000 fyrir
8. flokk.

8. fl. kvk, þjálfari Erla Edvarðsdóttir,
s: 846-0091, þri kl. 17 í Lágafellsskóla.

7. fl. kvk, þjálfari Erla Edvarðsdóttir,
s: 846-0091, mið. og fim. kl. 14:30 inni.

6. fl. kvk, þjálfari Eygerður Helgadóttir,
s. 698- 5159, mán. kl. 14:30 úti, mið. kl. 14:30 inni,
fim. kl. 14:30 úti.

5. fl. kvk, þjálfari Kolbrún Edda Sigurhansdóttir,
s: 849-8616, mán. kl. 15:30 úti, þri. 16:30, mið.



kl. 15:30 og lau. kl. 12:15 inni.

4. fl. kvk, þjálfari Bóel Kristjánsdóttir,
s: 865-0048, mán. kl. 18:30 inni, þri. kl. 17:30 úti,
mið. kl. 17:30 úti og fös. kl. 16:30 úti.

3. fl. kvk, þjálfari Bjarki Már Sværriðsson,
s: 698-6621, mán. kl. 17:30 úti, þri. kl. 18:30 úti,
mið. kl. 19:30 inni og fim. kl. 17:30 úti.

8. fl. kk, þjálfari Steinar Ingi Þorsteinsson,
s. 847-3108, fim. kl. 17:30 inni.

7. fl. kk, þjálfari Steinar Ingi Þorsteinsson
mán. 14:30 inni, mið. 14:30 úti og fim. 15:30 inni.

6. fl. kk, þjálfari Áspóur Sigurðsson, s. 661-8846,
þri. 15:30, fim. 18:30 inni og fös. 15:30 úti.

5. fl. kk, þjálfari Halldór Sigurðsson, s. 863-9290
mán. 16:30 úti, mið. 18:30 inni, fim. 15:30 úti,
fös. 14:30 úti.

4. fl. kk, þjálfari Ásgeir B. Ásgeirsson, s: 862-4711
og Bjarki Már Sværriðsson, s. 698-6621, þri kl. 19:30
inni, mið. og fim. kl. 16:30 og fös. kl. 17:30.

3. fl. kk, þjálfari Ásgeir B. Ásgeirsson, s: 862-4711
mán., mið. og fös. kl. 20 úti og þri. kl. 20:30 inni.

2. fl. kk, í vinnslu
mán. kl. 21 úti, þri. og fim. kl. 20 úti og mið.
kl. 19:30 inni.

Æfingatafla getur tekið smávægilegum breytingum.
Yfirþjálfari: Ólafur Ólafsson.

Nú er um að gera að reima á sig skóna og mæta á
æfingu. Fótbolti er forvörn!



SUND

Sunddeildin verður með alla sína starfsemi í Lága-
fellslaug í vetur. Bronshóparnir æfa í innilauginni
en gull- og silfurhópar í útilaug.

Æfingataflan er sem hér segir:

Bronshópur yngri, 6-7 ára,
þjálfarar: Andrea Arnarsdóttir og Hlín Hilmarsd.,
mið. kl. 15:40-16:30 og fös. kl. 15:30-16:20.

Verð kr.12.000,-

Bronshópur eldri, 8-9 ára,

þjálfarar Andrea Arnarsdóttir og Hlín Hilmarsd.,
þri. 17:10-18 og fös. 16:20-17:10.

Verð kr. 12.000,-

Silfurhópur, 10-11 ára,

þjálfari Ragnheiður Sigurðardóttir,
mán., mið. og fös. kl. 15:30-16:30. Verð kr. 22.000,-

Gullhópur, 12 ára og eldri,

þjálfari Ragnheiður Sigurðardóttir,
mán., mið. og fös. kl. 16:30-18:30, þrið 06:30-

07:45, fim. 16:50-18, þrek að Varmá, lau. 9-11
Verð kr. 27.000/26.000,- (fer eftir æfingajölda)

Hægt að skrá sig með því að hafa samband við
yfirþjálfara. Verðið miðast við eina önn.

Upplýsingar: Ragnheiður þjálfari, s: 867-1147



ÍÞRÓTTASKÓLI BARNANNA

Íþróttaskóli barnanna er starfræktur að Varmá og
er fyrir börn á aldrinum 3-5 ára.

Haustnámskeiðið er 12 tímar og hefst það lau. 8.
sep. og lýkur lau. 24. nóv. Kennarar í vetur verða:
Svava Ýr, Selma, Anna María og Harpa.

3. ára (fædd '04) kl. 9-10

4. ára (fædd '03) kl. 10-11

5. ára (fædd '02) kl. 11-12

Tekið verður á móti skráningu og þátttökugjaldi að
Varmá mið. 5. sept. og fim. 6. sept. frá kl. 17-18:30.
Verð kr. 6000,-

Nánari upplýsingar: Svava s. 566-7372 / 690-3444
og á síðu íþróttaskólans á www.afturelding.is.



TAEKWONDODEILD

Taekwondo er skemmtileg sjálfsvarnarlist og ól-
ympisk keppnisíþrótt, sem byggir á rúmlega 2000
ára gamalli kóreskri bardagahefð. Æfingar hefjast
mið. 5. sep. að Varmá. Æfingarnar eru opnar börn-
um frá 6 ára aldri.

Æfingagjöld eru kr. 16.500,- fyrir önnina.

Sérstakt byrjendatilboði er kr. 19.800,- önnin.

Innifalið í byrjendatilboði er æfingagalli og belti,
bókin „Taekwondo“ eftir Master Sigurstein Snorra-
son og meðfylgjandi DVD diskur.

Æfingátímar:

Mið. og föst. milli kl. 17 og 18. Fyrsta vikan er
ókeypiss án allra skuldbindinga. Nóg er að vera í
stuttbuxum og bol.

Kennari er Magnea Kristín Ómarsdóttir 1. dana

Nánari upplýsingar fást á

www.ssangyongtaekwon.com

Vissir þú að...

...allar deildir Aftureldingar voru orðnar
fyrirmyndarfélög ÍSÍ í lok árs 2006!

...að með því að nota Aftureldingarkortið styrkir þú
Aftureldingu óbeint án þess að það kosti þig neitt!

... að samtals voruð iðkaðar íþróttir hjá Aftureldingu
í yfir 220.000 klst. á árinu 2006!

...að getraunanúmer Aftureldingar er 270 og
að það er mikið fjór í getraunastarfinu á
laugardagsmorgnummorgnum!

...að 10% systkinaaafsláttur og fjölgreinaaafsláttur er
gefinn af öllum æfingagjöldum!



MOSFELLSBÆR

ERT ÞÚ BÚIN/N AÐ FÁ FRÍSTUNDAÁVÍSUNINA ÞÍNA?

Ef að þú ert á aldrinum 6-16 ára, með lögheimili í Mosfellsbæ átt þú að vera búin/n að fá eina



MOSFELLSBÆR

Nafn styrkþega _____

Undirskrift forráðamanns _____

Nafn félags og dagsetning _____

Undirskrift f.h. félags _____

Frístundaávísun

Nr. 00100 **Kr. 15.000,-**

Mosfellsbær hefur ákveðið að senda öllum bæjarbúum á aldrinum 6 ára (fædd 2001) til 16 ára (fædd 1992), með lögheimili í Mosfellsbæ, frístundaávísun að upphæð kr. 15.000 sem hægt er að nota til að greiða niður hverskonar frístundastarf. Markmiðið er að allir finni sér frístund við hæfi. Ávísunin gildir frá 1. sept. 2007 til 1. sept. 2008 og framvísist til viðkomandi félags.

Til að nýta frístundaávísunina þarf:

- Styrkþegi að eiga lögheimili Mosfellsbæ.
- Að vera á aldrinum 6 - 16 ára
- Að vera um skípulagt starf/kennslu/þjálfun að ræða sem nær yfir eina önn eða lágmark 10 vikur.



Íþróttta- og tómstundaneftnd Mosfellsbæjar



Þú getur notað ávísunina til að greiða niður þína frístund hvort sem að hún er myndlist, fótþolti, píanó, ballet, handþolti, sund, skátar, hestar, golf, skautar, gítar, dans, karate, skólahljómveit og svo mætti lengi telja...



Ef að þú hefur einhverjar spurningar hafðu þá samband við Sigurð Íþróttafulltrúa, Hönnu í afgreiðslunni í síma 566-6754 eða Eddu tómstundafulltrúa í síma 566-6058.

Nýtt húsnæði yngstu deildar Lágafellsskóla Nám er leikur - leikur er nám

Lágafellsskóli er í stöðugri þróun. Þriðji áfangi skólahúsnæðisins var tekinn í notkun nú í ágúst, um er að ræða húsnæði í austasta enda hússins þar sem leikskóladeild, 1. bekkur, 2. bekkur og frístundasel er til húsa.

Þetta er í fyrsta sinn sem skólinn hefur leikskóladeild á sínu forræði, deildin er eingöngu ætluð fyrir nemendur á 5. aldursári og eru því á síðasta ári sínu í leikskóla. Hugmyndin á bak við slíka deild innan skólans er m.a. að brúa bilið á milli leikskóla og grunnskóla og tengist þróunarverkefni sem skólinn er að vinna að og nefnist Nám er leikur - leikur er nám.

Markmið verkefnisins er að brúa bilið á milli skólastiga þar sem leikur, þroski, samskipti og náms- og félagsfærni eru höfð að leiðarljósi. Í vetur eru 29 börn á leikskóladeildinni sem starfar samkvæmt aðalnámskrá leik-



skóla, í 1. bekk eru 53 nemendur og í 2. bekk eru 87 nemendur. Markmið er að ákveðið flæði verði á milli árganga sem mun stjórna af áhuga og færni nemenda.

Húsnæðið er sérstaklega hannað með þróunarverkefnið og þarfir ungra nemenda í huga og er allt hið glæsilegasta. EJ

barna- og unglinga-námskeið

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Útibú **Korpúlfsstöðum**
www.myndlistaskolinn.is

sími 5511990

Starfsfólk óskast

Hlégarður/Veislugarður óskar eftir starfsfólki í hlutastarf í sal og eldhús. Um er að ræða kvöld og helgarvinnu.

Upplýsingar í síma: Vignir 566-6195 og Elísa 899-9435

Opið hús fyrir foreldra í Mosfellsbæ

Til foreldra/forráðamanna og annarra áhugasamra.

Eins og undanfarin þrjú ár stendur Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar fyrir opnu foreldrahúsi í vetur.

Hvert kvöld hefst á stuttri fræðslu um efni kvöldsins og spurningar og umræður að því loknu.

Opna húsið verður haldið í Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna, eitt miðvikudagskvöld í mánuði kl. 20-21.

Yfirskrift kvöldanna í vetur verður sem hér segir:

1. Svefn barna og svefnvandamál 26. sept. 2007
2. Lestrarvandi, „Hvenær er ástæða til að hafa áhyggjur?“ 31. okt. 2007
3. Kvíði hjá börnum 28. nóv. 2007
4. Skilnaður og nýtt fjölskyldumynstur 30. jan. 2008
5. Þrjúsk börn og sjálfmynd þeirra 27. feb. 2008
6. Félagsþroski, félagslegir erfiðleikar 2. apr. 2008
7. Sumarstarf 7. maí 2008

Auglýst með fyrirvara um breytingar.

Hvert kvöld verður auglýst sérstaklega í tölvupósti til foreldra og á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is.

Foreldrar/forráðamenn, takið þessi kvöld frá, komið og ræðið uppeldismál, umhverfi og aðstæður barna og unglinga í Mosfellsbæ.

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

Opið allan sólarhringinn





Gunnar kveður Aftureldingu

Gunnar Borgþórsson ákvað fyrir skömmu að endurnýja ekki samning sinn við knattspyrnu-deild Aftureldingar. Auk þess að leika með meistaraflokki og vera fyrirliði hefur Gunnar verið þjálfari hjá Aftureldingu í fimm ár með framúrskarandi árangri. Verður mikil eftirsjá að honum úr félagsstarfinu enda hefur Gunnar náð góðum árangri með þá flokka sem hann hefur þjálfað á fimm árum og notið mikillar virðingar. Knattspyrnu-deild Aftureldingar kveður Gunnar með söknuði, þakkar honum frábært starf og óskar honum og fjölskyldu alls velfarnaðar.



Frábært hjá stelpunum

Þriðji flokkur kvenna vann leikinn um 3. sætið á ReyCup knattspyrnumótinu sem Þróttur stóð fyrir í Laugardal fyrir skömmu. Auk þess þá vann bæði 3. og 4. flokkur kvenna háttvísisverðlaun mótsins en þau afhenti Michel Platini, forseti Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, og fyrrverandi knattspyrnumaður Evrópu. Nokkru fyrir Rey Cup-mótið hafði bæði 3. og 4. flokkur unnið til gullverðlauna á alþjóðlegu knattspyrnumóti ungmenna, Tivoli Cup, sem haldið var í Hille-röd í Danmörku. Þá stóðu báðir flokkar sig afar vel á Íslandsmótinu sem er nýliðið.

ATORKA
rope yoga
zumba þolfimi
www.man.is

Komnar í úrvalsdeild aðeins einu ári eftir að flokkurinn var endurvakinn FRÁBÆR ÁRANGUR

„Þetta er æðislegt. Það var frábær barátta í liðinu og leikmenn sýndu stórkostlegan karakter við að snúa taflinu við,” sagði Hallur Birgisson, formaður meistaraflokksráðs eftir frábæran á Völsungi, 3:0, á Húsavíkuvelli. Þetta var síðari leikur liðanna í umspili um sæti í úrvalsdeild kvenna á næsta keppnistímabili og með sigrinum tryggði Aftureldingarliðið sér sæti í úrvalsdeildinni með samanlögðum, 5:3, sigri í leikjunum tveimur.

„Stefnan hjá okkur í fyrra þegar við endurvöktum meistaraflokk kvenna hjá Aftureldingu var sú að vera komin með liðið í úrvalsdeild á 100 ára afmæli Aftureldingar árið 2009 og því má segja að við séum ári á undan áætlun. Nú tekur við mikil vinna við undirbúning vegna þátttöku í úrvalsdeild á næsta sumri.” Þessi sigur á Völsungi þýðir að Aftureldingarliðið leikur til úrslita um sigur í 1. deild við HK/Víking



Stelpurnar fengu góðar móttökur þegar þær lentu á Reykjavíkurlugvelli. Karl Tómasson færir stúlkunum rósir og hamingjuóskir frá bæjarstjórn Mosfellsbæjar.



Líf og fjör hjá „tippurum“ á laugardagsmorgnum í vallarhúsinu

Getraunastarfið hefst á ný

Það var heldur betur líf og fjör í vallarhúsinu að Varmá síðasta laugardagsmorgun þegar tippþóparnir byrjuðu að skrá sig fyrir yfirstandandi keppnistímabili.

Á síðustu leiktíð voru yfir 50 tippþópar skráðir og lítur út fyrir að það verði enn fleiri í haustleiknum að þessu sinni.

Næsta laugardag, 8. september, hefst svo fyrsta umferð getraunaleiksins, þá verður enn hægt að skrá hópa og ætti enginn að láta hjá liða að líta í vallarhúsið til þeirra Garðars Skarp-

hédinssonar og Önnu Sigurðardóttur og taka þátt. Þau stjórnðu getraunastarfi Aftureldingar á síðasta keppnistímabili með svo miklum myndarskap að hvergi á landinu varð eins mikil aukning á sölu getraunaseðla og hjá Aftureldingu.

Auk þess að taka þátt í skemmtilegum leik þá styrkja „tipparar“ þróttmikili starf Aftureldingar um liði og þeir taka þátt því ákveðinn hluti verðs hvers getraunaseðils rennur til félagsins. Opíð er í vallarhúsinu frá kl. 10 - 13 á laugardagsmorgnum



og þar er að sjálfsögðu heitt kaffi og krúðerí á boðstólum auk skemmtilegs félagskafar.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.
Þverholti 2
Kjarna



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is

World Class hefur tekið við rekstri líkamsræktarstöðvarinnar í toppformi

World Class loksins í Mosfellsbæ

Nú hefur World Class tekið við rekstri líkamsræktarstöðvarinnar í Toppformi. Alfa Jóhannsdóttir og Elías Nielsson fyrirverandi eigendur Toppforms koma til með að starfa á nýju stöðinni ásamt þeim þjálfurum sem hafa unnið hjá þeim undanfarin ár.

„Við lítum björtum augum á framtíðina og vonum að við getum komið til móts við bæjarbúa með aukinni þjónustu“ segja þau aðspurð. „Starfsemin fer núna fram í íþróttamiðstöðinni að Varmá, en stefnt er að því að flytja líkamsræktarstöðina yfir í Lækjarhlíð við Lágafellslaug nú í október.“

Aukið rými í Lækjarhlíð

Par verður aðstaðan öll hin glæsilegasta, meira rými fyrir líkamsræktina, með fleiri upphitunar- og æfingataekjum, og aðgangi að Lágafellslaug, boðið verður uppá barnagæslu í góðri aðstöðu.

„Við munum vera með góð átaks- og unglínganámsskeið með uppbyggjandi fræðslu og hvatningu auk allra þeirra hóptíma sem þegar eru vel þekktir hjá okkur, einnig verður boðið upp á danskennslu.

Við leggjum líka mikla áherslu á að halda þessu persónulega og



þægilega umhverfi sem einkennt hefur stöðina okkar hingað til.“

Varðandi kortin sem eru í gildi núna frá Toppformi koma þau til með að gilda áfram hjá World Class og þeir sem eiga kort hjá þeim geta nýtt þau á hvaða stað sem er

þ.e.a.s. Mosfellsbæ, Spönginni eða í Laugum.

„Við vonum að Mosfellingar taki þessum breytingum vel og að sem flestir nýti sér aðstöðuna“ segja þau Alfa og Elías að lokum. RÖ



Sumarmeistari Spaðans

Jóhann Benediktsson sigraði á sumarmóti Spaðans á dögnum. Spaðinn er borðtennisklúbbur sem starfræktur hefur verið í góðra vina hópi síðustu árin. Að þessu sinni tóku 15 manns þátt og þótti mótið eitt það sterkasta til þessa. Jóhann sigraði Atla Reyni örugglega í úrslitaleiknum. Á myndinni má sjá Jóhann taka við verðlaunagrip úr höndum Agnars Jónssonar formanns Spaðans að loknu vel heppnuðu móti í íþróttahúsinu að Varmá.



Fjölbreytt starf í vetur hjá Atorku

Atorka, mannrækt og útivist, býður upp á ýmis námskeið til heilsueflingar bæði til sálar og líkama. Megináhersla er lögð á jóga og dans. Námskeiðin fara fyrst um sinn fram í Þrúðvangi en mun svo færa aðsetur að Varmá seinna í haust. Næstkomandi sunnudag er sérstök kynning á starfsemi vetrarins í Þrúðvangi frá kl. 14-16. Fjölbreytt og metnaðarfull dagskrá er framundan að sögn Gunnlaugs B. Ólafssonar. „Í fyrsta skipti í Mosfellsbæ verður td. boðið upp á ballett. En fyrir erum við með mjög færa kennara í magadansi, línudansi, rope yoga o.fl. og hvet ég fólk til að fara inn á heimasíðu okkar og kynna sér það sem er framundan hjá atorku, www.man.is



Handboltinn rúllar

Handboltavertíðin fer nú á fullt og er fyrsti heimaleikur meistarafllokks karla þann 15. sept. Leikurinn er gegn Akureyri en strákarnir leika nú í efstu deild. Bjarki Sig er sem fyrr þjálfari liðsins og eru bæjarbúar hvattir til að fjölmenna á leiki í vetur.

KARATEDEILD AFTURELDINGAR

SHITO-RYU KARATE

KARATE

FRÁBÆR LÍKAMSÆKT OG SJÁLFSVÖRN FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

ÆFINGARTAFLA FYRIR HAUST 2007

Æfingar hefjast mánudaginn 3. september 2007
Æfingargjöld fyrir haustönn er kr. 12.000

Mán- Þriðju- og Fimmtudaga	Laugardaga (framhald)
9-12 ára (framhald) 16:10 - 17:10	9:30 - 10:30
5-8 ára 17:10 - 18:00	9:30 - 10:30
12-16 ára 18:00 - 19:15	10:30 - 12:00
Fullorðnir 19:15 - 20:30	

Miðvikudaga og föstudaga

9-12 ára (byrjendur) 18:00 - 19:00

Æfingar fara fram í Íþróttamiðstöðinni að Varmá

Yfirþjálfari: Vicente 3.dan
Áhugasamir mæti á æfingu við hæfi og velkomin að hafa samband við þjálfara eða stjórn. í síma 821 5121 Nánari upplýsingar á heimasíðu UMFA www.afturelding.is

ALLIR VELKOMNIR AÐ PRÓFA



Vonin úti

Vonir meistarafllokks Aftureldingar um að vinna sér sæti í 1. deild karla í knattspyrnu á næstu leiktíð runnu endanlega út í sandinn á föstudaginn fyrir viku þegar liðið tapaði fyrir Selfossi á Varmárvelli, 2:0. Eftir góðan árangur í leikjum vetrarins og vorsins í Lengjubikarnum tókst meistaraflökliði Aftureldingar ekki að fylgja þeim árangri eftir þegar á hólminn var komið á Íslandsmótinu. Ólafur Ólafsson, þjálfari meistaraflökks og yfirþjálfari deildarinnar, heldur áfram starfi sínu fyrir deildina og nú verður hans verkefni ásamt stjórnendum deildarinnar að styrkja liðið fyrir átök næsta sumars.

Samfylkingin dansar með Varmársamtökunum

Nú er liðið rúmt ár frá því helstu talsmenn Varmársamtakanna hófu linnulausa gagnrýni á vinnubrögð meirihluta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar vegna fyrirhugaðs Helgafellsvegur - og enn eru þeir að. Þrátt fyrir niðurstöður frá Umhverfisstofnun og færustu sérfræðingum um að þessi leið sé sú besta fyrir umhverfið og flesta íbúa Mosfellsbæjar.

Á sínum tíma vakti það athygli mína hvað forystufólki í Samfylkingunni, ekki einungis í Mosfellsbæ heldur um land allt, var mikið í mun að tengjast Varmársamtökunum á einn eða annan hátt. Vafalaust hefur þessi mikli áhugi flokksins að hluta til stafað vegna allra stórstjarnanna sem ljáðu baráttunni lið, ýmist með því að hoppa fyrir skurðgröfur, gráta í sjónvarpi og útvarpi eða hóta því að flytja úr bæjarfélaginu - en annað kom einnig á daginn.

Pólitísk samtök

Þegar á leið og baráttan var að fara út fyrir öll velsæmismörk í skrifum og málflytningu helstu talsmanna Varmársamtakanna og Samfylkingarinnar tóku að renna á mig tver grímur. Þá fyrst tjáði ég mig opinberlega um samtökin og vinnubrögð þeirra. Ég ritaði grein sem birtist fyrir tæpu ári í Morgunblaðinu þar sem ég benti stjórn



Varmársamtakanna og helstu talsmönnum þeirra góðfúslega á að með þessu áframhaldi myndu samtökin aldrei halda trúverðugleika sínum sem ópólitísk umhverfissamtök og utan við alla flokkadrætti eins og þeim hefur verið mikið í mun að láta í veðri vaka.

Ekki var hlustað á þessi varnaðarorð og Varmársamtökin hertu ródurinn, mærdðu Samfylkinguna út í eitt sem aldrei fyrr á meðan þau héldu úti linnulausum árásum á bæjarstjórnarmeirihlutann og þá sérstaklega Vinstri græn. Öllum er kunnugt um þá herferð. Forystufólk Samfylkingarinnar, bæði í Mosfellsbæ og út um land allt, tók þátt í darraðardansinum og gerir enn að hluta. Áberandi var áhugi Samfylkingarfólks fyrir síðustu alþingiskosningar á að tjá sig um þennan vegarspotta í Mosfellsbæ.

Rétt er að geta þess að hluti forystufólks Varmársamtakanna og það fólk sem hefur verið hvað mest áberandi í allri umræðunni er flokksbundið Samfylkingarfólk. Það er leiðinlegt að hafa orðið þess áskynja að samtök, sem voru stofnuð sem ópólitísk umhverfissamtök, breyttust á ótrúlega skömmum tíma í að verða hápólitísk og ganga svo langt að tala máli eins stjórn málaflokks.

Dæmi eru um að fólk hafi sagt sig úr Varmársamtökunum og einnig úr

nefnd á vegum þeirra. Vinnubrögð og aðferðarfræði helstu talsmanna samtakanna er að stærstum hluta ástæðan fyrir úrsögnum þessa fólks en á nákvæmlega þetta reyndi ég að benda samtökunum í mínum fyrstu skrifum um þau.

Neikvæðni og sleggjudómar

Samfylkingin og Varmársamtökin hafa opinberlega gert athugasemdir um afskipti mín af hinum harkalegu umræðum um tengibrautina og sagt það fyrir neðan virðingu embættis míns að taka þátt þeim. Í mínum huga er það ljóst að það væri embætti mínu miklu frekar til vansa að láta slíka orrahrið í fjölmíðlum svo mánuðum skiptir ganga yfir Mosfellsbæ og þega þunnu hljóði yfir slíkum skrifum.

Það er ekki liðandi að fámennur hópur fólks haldi bæjarfélaginu okkar í herkví neikvæðra fréttu og leiðindaumræðu um margra mánaða skeið og hafa jafnmikil og neikvæð áhrif á allan bæjarbrag og raun ber vitni. Ímynd bæjarins út á við hefur bedið hnekk af þessari umfjöllun á fleiri sviðum en augljós eru í fyrstu og hefur umræðan smitað út frá sér á ýmsa vegu. Alvarlegast er þó að Samfylkingin hefur tekið virkan þátt í þeim dansi, væntanlega í góðri trú um auknar vinsældir. Það er aldrei vænlegt til árangurs í pólitík að flökta eins og strá í vindi, bara eftir því hvernig vindar blása.

Áfram er haldið

Sigrún Pálsdóttir, stjórnarkona í Varmársamtökunum, ritaði grein í Morgunblaðið 3. september sl. Þar fullyrðir hún m.a. að deiliskipulagið um tengibrautina muni kollvarpa bæjarmyndinni og ræna Mosfellsbæ sínum dýrmætustu sérkennum. Hvernig getur Sigrún fullyrt hver séu dýrmætustu sérkenni Mosfellsbæjar? Ekki vantar stóru orðin frekar en fyrri daginn. Þetta hlýtur að vera huglægt mat hjá henni.

Í greininni segir Sigrún einnig að Varmársamtökin séu einu umhverfissamtök Mosfellsbæjar. Rétt er að benda henni á að í Mosfellsbæ eru önnur umhverfissamtök, Umhverfis- og náttúrufræðifélag Mosfellsbæjar. Formaður þeirra samtaka er Guðjón Jenson, einn ötulasti umhverfis- og náttúruverndarsinni Mosfellsbæjar og þótt víðar væri leitað.

Ég vil að lokum varpa fram eftirfarandi spurningu til fulltrúa Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Mosfellsbæjar: hvar hefði átt að leggja tengibrautina annarsstaðar en fram hjá Álafoskvosinni? Um það þegir flokkurinn þunnu hljóði, ég tel tímabært að Mosfellingar fái svar við þeirri spurningu.

Karl Tómasson, forseti
bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

World Class komið í Mosfellsbæ

Erum í Varmá en flytjum í Lækjarhlíð við Lágafellslaug í október

- Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá 3. september
- Átaksnámskeið hefst 5. september
- Dansstúdíóið hefst 10. september og unglinganámskeið

Korthafar hafa aðgang í Lágafellslaug



World Class
ICELAND

Nánari upplýsingar í síma 566 7888

World Class Laugum, Spöng, Í húsi Orkuveitunnar, Mosfellsbær
www.worldclass.is

Áhugaleysi í íþróttabæ?

Mosfellbær statar sig af því að vera íþróttabær og þegar vel gengur er gaman að vera Mosfellingur. Við eigum íþróttafólk í öllum greinum sem stendur sig vel og vel hefur verið staðið að bættari aðstöðu íþróttamanna síðustu misserin.



liðs en engu að síður brá stuðningsmönnum þeirra er þeir komu á Varmárvöll fyrir rúmu ári. Á heimasíðu þeirra mátti lesa eftir leik liðsins gegn Aftureldingu. „Stemningin var merkileg á leik Aftureldingar og KV í Visa-bikarnum í gærkvöldi.

Það er ljóst að Mosfellingar þurfa að íhuga sinn gang vandlega enda var það liðinu nánast til skammar hve fáir mættu til að styðja liðið, líklega voru stuðningsmennirnir færri en leikmenn liðsins. Litla KV, sem staðsett er í hálf tíma fjarlægð mætti með 15-20 stuðningsmenn með sér.“ Undirritaður var á þessum leik og þetta kvöld skammaðist ég mín fyrir fámennan hóp stuðningsmanna Aftureldingar á heimavelli.

Ástæða þess að ég rifja þetta upp er að sömu tilfinningu fékk ég á leik liðsins í 16. umferð 2. deildar karla þann 31. ágúst sl. Afturelding mætti Selfossi sem var fyrir leikinn í 3. sæti deildarinnar en Afturelding í 5. sæti

og einungis fjögur stig skildu liðin að fyrir leikinn. Líkur á sæti í 1. deild voru mögulegar með góðum leik og stuðningi áhorfenda.

Það var engu að síður ljóst strax í upphafi leiks að einungis annað liðið hafði stuðning og trú áhorfenda á sigri í þessum leik. Yfir hundrað Selfyssingar lögðu leið sína á Varmárvöll þetta föstudagskvöld og studdu vel við bakið á sínum mönnum á meðan undirritaður sat ásamt kannski tíu öðrum stuðningsmönnum Aftureldingar. Selfyssingar færðust nær sæti í næstefstu deild á meðan við stöndum um miðja deild þegar tveimur umferðum er óloklið.

Það er ljóst að erfitt er að ná árangri ef stuðningur og áhugi þjálfara er ekki fyrir hendi. Íþróttafólk okkar á meira skilið. Reynum nú kærur Mosfellingar að gera Varmárvöll að alvöru heimavelli á næstu leiktíð.

Bjarki Már Sveinsson

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. mosfellingur@mosfellingur.is

Hringtorg til bóta

Ég vil bara koma á framfæri þakklæti til þeirra sem málið varða vegna nýja hringtorgsins við Þingvallaafleggjarann. Þetta er slíka bragarbót fyrir okkur Dalbúa að fátt gæti glatt okkur meir, nema kannski ef silfrið hans Egils myndist. Nú getum við farið okkar ferða án þess að eyða drjúgum tíma í það að komast út á Vesturlandsveg. Nú er ár liðið síðan Þóra og Signý afhentu samgönguráðherra undirskriftalista frá okkur í Dalnum og nú er þetta að verða klárt. Frábært og takk fyrir snör viðbrögð.

Ánægður Dalbúi



Okkar tónlistarfólk

Mikið þykir mér gaman að því að hægt sé að halda bærjánhátíð í Mosfellsbæ og láta listafólk okkar blómstra. Gildran, strákarnir í Hljómi, kórarnir, lúðrasveitin o.fl. Brekkusöngurinn frábær, ballið magnað og þess á milli allt okkar góða listafólk sem lét til sín taka. Bestu þakki Mosfellingar fyrir frábæra hátíð með okkar fólk í fyrirrúmi.

Birna

Skreytimeistarar

Magnús hafði samband við Mosfelling og vildi koma á framfæri ánægju sinni á skreytingaglöðum Mosfellingum. Bæjarbúar tóku virkan þátt í hátíðarhöldunum „Í túninu heima“ með skreytingum á sínu nánasta umhverfi. Skreytingarnar slógu hreinlega í gegn og maður fékk það virkilega á tilfinninguna að hátíðin væri í bæ. Ég vona bara að enn fleiri taki þátt í þessari skemmtilegu viðbót við hátíðarhöldin á næsta ári og bærinn muni vera undirlagður skreytingum. Einnig má mætti auglýsa einstaka atburði betur. Allavega greina aðalatriðin frá aukaatriðunum. Flott hátíð. Áfram Mosfellsbær

Magnús

Týndir Mosfellingar

Hin frábæra bærjánhátíð Í TÚNINU HEIMA er nú nýfstaðin. Mikil vinna og metnaður voru lögð í þessa árlegu hátíð sem við Mosfellingar getum stolt af, þökk sé þeim sem að stóðu. Sambland af landsfrægum skemmtikröftum og inn-anbæjarlist auk hinna ýmsu uppátækna gera þessa hátíð einstaklega skemmtilegan viðburð. Viðburð þar sem Mosfellingar geta komið saman, kynnst hver öðrum og skemmt hver öðrum í götugrillum, hverfaskreytingum, í brekkusöng, á dansleik og fleiru og fleiru.



Samt vantaði eitthvað... en hvað? Það vantaði að fleiri (og helst allir) Mosfellingar VÆRU MEÐ á einn eða annan hátt. Í þessu 7500 manna bæjarfélagi voru aðeins örfáir sem virkilega tóku þátt í þessari hátíð. Stór hluti Mosfellinga nemti ekki einu sinni að hengja eina eða tvær blöðrur utan á húsið sitt, bara til að vera með! Hvað voru mörg götugrill? Hversu margir komu að horfa á Ólympíuleika vinnustaðanna sem var hreint frábær skemmtun og sprell??? Stuðmenn, hljómsveit allra

landsmanna hélt tónleika að Varmá á fimmtudeginum, hvað er hægt að hafa það flottara? Hvar voru ALLIR? Hvar varst ÞÚ?

Það sem stendur mér enn nærri er að við eigum stórt og öflugt íþróttafélag í þessum bæ með flottu ungu fólk sem heldur uppi heiðri bæjarins með því að keppa undir merkjum Aftureldingar, og þar með bæjarins. Mikil vinna er lögð í það að kynna heimaleiki Aftureldingar með dreifimiðum, plakötum, íbæjarblaðinu okkar og á heimasíðu félagsins en allt kemur fyrir ekki. Örfáar hræður mæta á heimaleiki!!! Hvar eru ALLIR? Hvar ert ÞÚ?

Íðulega eru fleiri áhorfendur með gestaliðunum á okkar heimaleikjum en Mosfellingar! Þetta keyrði um þverbak föstudaginn 31. ágúst sl. þegar meistaraflokkur karla í knattspyrnu spilaði mikilvægasta leikinn á tímabilinu við Selfoss. Þessi leikur þurfti að vinnast til að eiga séns á að fara upp um deild. Fjöldi manns var á leiknum, en hverjir? Mosfellingar? Nei, aðeins örfáir að vanda. Áhorfendastúkan var troðfull af Selfyssingum!! Og um allt Varmáarsvæðið og ná-

grenni hljómaði „ÁFRAM SELFOSSI“ Þetta var algjörlega gjörsamlega grátlegt.

Í vetur spilar meistaraflokkur karla í handbolta í úrvalsdeild. Hvernig væri, kærur Mosfellingar að fara að haga sér eins og Mosfellingar og sýna að við erum ALVÖRU bæjarfélag sem styður sitt félag og MÆTA Á LEIKI? Það er alveg ljóst að handboltinn hefði aldrei orðið svona stór hér í Mosfellsbæ um 1998-2000 ef áhorfendabekkir hefðu ekki verið troðfullir á ÖLLUM heimaleikjum. Og þá heyrðist í Mosfellingum!

Kærur Mosfellingar, stöndum saman, búum til alvöru bæjarbrag í Mosfellsbæ þar sem bæjarbúar koma saman á viðburðum í bænum, hvort sem um er að ræða íþróttaviðburði eða aðra viðburði. Tökum nágrannana með og njótum þess að VERA SAMAN í bænum okkar. Komum úr felum og látum til okkar taka, þannig sköpum við skemmtilegan og lifandi bæ.

ÁFRAM MOSFELLSBÆR, ÁFRAM AFTURELDING!!!

Erna Reynisdóttir
Mosfellingur

TÓMSTUNDASKÓLINN Í MOSFELLSBÆ

Fjöldi spennandi námskeiða eru að hefjast, s: 695 6694

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

SPÆNSKA

STUTTMYNDAGERÐ FYRIR 12-15 ÁRA

VEFSÍÐUGERÐ

ART CLAY/SILFURLEIR

ÞJÓÐBÚNINGASAUMUR

KONFEKTGERÐ MEÐ HAFLIÐA

RÚSSNESK MATARGERÐ



Afturkræf framkvæmd

Þó deiliskipulag Helgafellsvegjarhafverið samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar í síðustu viku þá erum við ekkert nær vitrænni heildarsýn um tengibrautir og tengsl bæjarins við Vesturlandsveg. Umræðan heldur áfram og Mogginn á hrós skilið fyrir sína úttekt á málinu.



Við höfum heyrt að lagnavegurinn umtalaði sé afturkræf framkvæmd. Jafnvel þó að búið verði að malbika yfir hann, er enn hægt að snúa við áður en skrímslið nær fullum proska. Því samkvæmt aðalskipulagi og stefnumótun Vegagerðar á umrædd tengibraut að liggja í stökk undir Vesturlandsveg, þvert á aðalgöngustíg bæjarins og einn helsta reiðstíg út frá hesthúshverfi. Hin mikla umferð mun stefna beint í átt að íþrótt- og skólamanntengingum bæjarins, setur hið sögufræga hús Brúarland upp á umferðareyju og gerir miðbæinn að rússibana bílamennningarinnar. Vegagerðin er umsjónaraðili með Vesturlandsvegi og samkvæmt samræðum við þá er lítið á hringtorg við Álafoskvos sem algjöra bráðabirgðalausn. Mosfellsbær hafi ekki boðað neina breytingu á þeirri stefnu að tengibrautin fari um áður nefndan stökk.

Það er sannfæring mín að mismálsgatnamót ofan og norðan byggðar, ásamt brú með hægri afreiðni við Álafoskvos hefði verið mun betri lausn. Með því hefði náðst enn betri samfélla í hið græna útivistar- og verndarbelti upp með Varmá. Nú stefnir í að hjarta og meginæð til útivistar verði kramin og sundurskorin. Fjölskyldurnar með barnavagnana, skólafólk, sjúklingar á batavegi, ferðamenn og hestamenn þurfa að

komast eftir þessum útivistartardal okkar Mosfellinga.

Í skipulagi þarf að beina helstu vegtengingum inn á jaðrana til þess að lágmarka árekstra milli þessara hagsmuna. Auðvitað snýst þetta um verðmætamat. Hverju viljum við fórnafyrirpeningahugsun, malbik og steinsteypu? Í samningum við landeigendur og verktaka var búið að hnýta alla enda svo kirfilega að viðleitni bæjarins til að vekja áhuga íbúa á því að kynna sér málið var í algjöru lágmarki og augljóst að skapandi umræða var óvelkomin. Þess vegna var bærin í raun búin að afsala skipulagsferlinu til verktakans og til dæmis hefði af þessum sökum ekki verið hægt að bjóða upp á íbúakosningu um þessa tvo möguleika varðandi lagningu tengibrautar.

Ég gladdist þegar Alta var fengið af Mosfellsbæ til að gera samburð milli valkosta. Það var einmitt það sem samtökin höfðu reynt að ná fram. Áherslur okkar og þeirra á umhverfismál og þátttöku íbúa í skipulagsvinnu höfðu mjög góðan samhljóm. Vonbrigðin voru því mikil að sjá að fyrirtækið og höfundur umhverfisskýrslu fegraði áhrif Helgafellsvegjar með því að láta hann enda í hringtorgi, en ekki í stökk undir Vesturlandsvegi eins og koma skal. Á sama tíma er klín á Varmársamtökin safnbrautinni við Álanes, sem er hluti af skipulagi Mosfellsbæjar. Í samburðinum hefði safngatan því átt að vera með í báðum valkostum eða hvorugum. Þarna var því skáldað og hagrætt meginforendum til að fá pantaða niðurstöðu.

Umhverfissvæna og lýðræðisvædda fyrirtækið sem ég batt vænt-

ingar til gaf útivistar- og verndargildi Varmársvæðisins ekki háa einkunn og rangfærði inntak tillagna frá umhverfis- og íbúasamtökum. Hvað gekk þeim til? Það hlakkaði allavega í einhverjum bæjarfulltrúum að vera loksins komnir með „faglegan“ samburð.

Höfundur skýrslunnar talar í nýlegu viðtali um mikilvægi trausts milli aðila í skipulagsvinnu. Því skora ég á hana og eigendur fyrirtækisins að bjóða stjórn Varmársamtakanna á fund um þetta mál. Hreinsa þarf mjölið í pokahorninu og hugsanlegt að umhverfisvernd og íbúalýðræði græði, ef drenginn er lærdómur af.

Gunnlaugur B. Ólafsson
varaformaður Varmársamtakanna

Aðsendar greinar

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

Skiladagur er fimm dögum fyrir útgáfudag

MOSFELLINGUR

MOSFELLINGUR

**KEMUR NÆST
ÚT 28. SEPT.**

Sjötta starfsár Kammerkórs Mosfellsbæjar að hefjast

Áhersla lögð á spænska kórtónlist

Kammerkór Mosfellsbæjar hélt tvenna athyglisverða tónleika í vor, þá fyrri í Bókasni Mosfellsbæjar og þá síðari í Áskirkju í Reykjavík og voru það lok vetrarstafsins.

Vetrarstarf Kammerkórs Mosfellsbæjar hófst í byrjun september. Æfingar fara fram í Listaskóla Mosfellsbæjar á miðvikudagskvöldum kl. 19:30 og aukæfingar eru haldnar síðasta laugardag hvers mánaðar.

Meðleikari kórsins er Arnhildur Valgarðsdóttir, raddþjálfun annast Ásdís Arnalds og kórstjóri er Símon H. Ívarsson.

Kórinn hefur flutt fjölbreytt kórverk frá ólíkum tímabilum og stíltægundum. Auk hefðbundinna kórverka eru sungnar áhugaverðar tónsmíðar sem vakið hafa athygli víða um heim. Leitast er við að hafa verkefnavalið sem fjölbreyttast. Sungin eru lög allt frá endurreisnartímabilinu til dagsins í dag, gospel



lög, afrísk lög, nútímalög, dægurlög og hvað eina sem vekur áhuga kórsins og veitir ánægju í söng. Kórinn hefur myndað sér sérstöðu meðal íslenskra kóra með því að leggja áherslu á spænska kórtónlist sem heyrst sjaldan hér á landi. Samhliða því hefur gítarinn verið áberandi sem undirleikshljóðfæri og einnig hefur kórinn eignast hljómsveit sem er skipuð ólíkum hljóðfærum.

Framundan eru spennandi og áhugaverð verkefni hjá Kammerkór Mosfellsbæjar. Kammerkór Mosfellsbæjar getur bætt við áhugasömu söngfólki og þeir sem hafa áhuga á að syngja með hressu og skemmtilegu fólki, geta haft samband við kórstjórnann í síma 566-7634 eða 895-7634. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu kórsins sem er simnet.is/kammerkormos

LÖGREGLUFRETTIR

Fréttir liðandi stundar úr dagbók lögreglunnar



TÍMABIL 18. ÁGÚST - 4. SEPT.

Skólarnir byrjaðir

Slys á börnum í umferðinni hér í Mosfellsbæ eru sem betur fer fátíð. Það er samt aldrei ofgert í því að vekja athygli okkar allra á hinni gifurlegu aukningu barna í umferðinni að og frá skólum og íþróttasvæðum. Stóraukning er líka í því að foreldrar aki börnum sínum í skólann. Við það margfaldast umferðin einmitt á þessum viðkvæmu svæðum. Auk þess þá spillist útsýnið úr bilunum því samfara hausti er völduð veðra von. Við verðum einfaldlega að sýna yfstrustu aðgæslu bæði við skólana og á þeim svæðum sem ætluð eru til umferðar inni á lóðum skólanna. Kæru foreldrar, börnin eru auðlegð okkar allra og við verðum að standa vörð um velferð þeirra. Endurskinsmerkin eru kannski ekki eitthvað sem öllu reddar, en þau eru samt sem áður nauðsynleg því lítið kríli sem sést nánast ekki í dimmviðrinu verður miklu fyrir sýnilegt ef endurskinsmerkin eru notuð. Ekki láta svo lítið atriði sem þó er stórt verða til þess að slys verði, með því að nota þau ekki.

Útivistartíminn breyttur

Útivistartími barna og unglinga tók breytingum 1. september. Frá þeim tíma mega 12 ára börn og yngri vera úti til klukkan 20. Unglingar 13 til 16 ára mega vera úti til klukkan 22. Bregða má út af reglum fyrir síðartalda hópin þegar unglingar eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár. Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum.

Úr starfi lögreglunnar

Sem betur fer hefur verið rólegt hjá okkur lögreglumönnum í Mosfellsbæ. Þetta er friðsamt bæjarfélag, en þó er einn galli á og það er hundahaldið. Sá leiðinlegi atburður gerðist að hundur sem ekki var í taumi réðist að öðrum hundi. Sú sem var með þann hund sem fyrir árásinni varð, fullorðin kona, féll við og hlaut alvarleg meidsli en hún mun vera ökklabrotin sem er alvarlegt fyrir fullorðin fólk. Þetta hlýtur að ýta undir það sem við höfum verið að gera að benda fólki á skyldu þess að hafa taum á hundunum sem það er með á rölti. Ég vil benda fólki á að fara inn á síðu mos.is og þar undir liðnum stjórnsýsla og lög og reglur. Þar eru þessi lög öll til staðar bæði hvað varðar hundahald o.fl.

Kveðja
Hörður Jóhannesson,
aðalvarðstjóri



Lágafellslaug - Mosfellsbæ

Við erum að leita að starfsfólki

... sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavinil!

Leitar eftir starfsmanni í barnagæslu í Mosfellsbæ. Umsjón með ráðningu hefur Alfa R. Jóhannsdóttir, alfa@worldclass.is

Umsóknir þurfa að berast skriflega til viðkomandi ráðningaraðila, einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu okkar www.worldclass.is



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Finnst þér gaman að leika þér? Hefur þú gaman af börnum?

Í Lágafellsskóla eru lausar stöður í Frístundaseli. Um er að ræða 30-40% stöðuhlutfall.

Vinnutími getur verið sveigjanlegur á milli kl. 14 til 17 og getur starfið því hentað skólafólki vel. Óskað er eftir áhugasömum, jákvæðum og samviskusömum einstaklingum, 17 ára og eldri. Kostur er ef viðkomandi hefur einhverja reynslu af listum, íþróttum eða öðru starfi tengdu frístundum.

Umsóknarfrestur er til 20. september og gott er ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst eftir það. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Upplýsingar veita Elísabet Jónsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs og Sigríður Sigurðardóttir forstöðumaður frístundastarfs Lágafellsskóla í síma 525-9200, 699-3131 eða á netfangið fristund@lagafellsskoli.is

LF VERK EHF

Þar sem hlutirnir gerast !

Malarnáma og verktaka fyrirtæki .
Tökum að okkur húsgrunna og almenna jarðvinnsluvinnu, seljum mól og sand.

Vinsamlegast hafið samband í síma:
8434550 eða í e-maili lfverk@lfverk.is



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Garðeigendur

Samkvæmt byggingareglugerð er lóðahöfum skylt að halda vexti trjágróðurs innan lóðarmarka. Eftir gróskumikið sumar er víða nauðsynlegt að klippa limgerði og annan trjágróður sem vaxið hefur út fyrir lóðarmörk.

Athugið að ábyrgðin er ykkar verði slys sem rekja má til gróðurs sem vaxið hefur út fyrir lóðarmörk.

Algengustu slysin eru augnskaðar, gróður nær yfir helming eða alla gangstétt svo að fólk þarf að ganga á götunni og verður fyrir ökutæki eða öðrum farartækjum. Skaðabótaábyrgðin er ykkar sem sinnið ekki þessu verki.

UPP MEÐ KLIPPURNAR !

Garðyrkjustjóri

Sjúkrapjálfun Mosfellsbæjar

Opnum aftur 10. september

Vinsamlegast pantið tíma í síma 5668520, Sonja Riedmann



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Borgarholtsskóli skólaakstur

Skólaakstur að morgni er hafinn í Borgarholtsskóla. Tímaáætlun verður með sama hætti og sl. ár, en lagt verður að stað ofan úr Reykjahverfi.

Tímatafla er eftirfarandi:

07:45 Reykjavegur / Hafravatnsvegur (strætisvagnabiðstöð)

07:47 Háholt á móti bæjarskrifstofum

07:51 Lágafellsskóli / strætisvagnabiðstöð

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

Heyrst hefur...



...að Gildran hafi farið í upp-töku Kastljóss fyrir bæjarhátíðina sem enn hefur ekki birst. Kannski ekki nógu neikvæð umfjöllun um Mosfellsbæ.

...að Sigurrós hafi afþakkað boð um tónleikahald „Í túninu heima“

...að það taki þrjú korter að komast á barinn í Hlégarði á góðu balli.

...að fimm athugasemdir hafi borist á borð bæjarstjórnar vegna tengibrautarinnar.

...að Aron Pálmi sé kominn í meðferð á Reykjalandi.

...að kæra vegna langstökkis á Ólympiuleikum Mosfellsbæjar sé nú á borði Pruma og eldinga.

...að 800 pylsur hafi selst á Mosfellsbæjarins bestu um hátíðarhelgina í túninu.

...að ritstjórnir Reynir Traustason sé fluttur í Mosó.

...að Steini og Drífa haldi áfram að fjölga.

...að Pizzabær breyti nafni sínu á næstu vikum í Hrói Höttur.

...að reiðleið um Teigagil verði færð niður í gilið sjálft.

...að kvikmynd Dunu og Dóra í Melkotí, Veðramót, verði frumsýnd í kvöld (fös.).

...að hljómsveitin Ljótú hálfvitarnir hafi skorað á Völsungsstelpur í umspilsleikjunum gegn Aftur-eldingu að ef þær kæmst í efstu deild myndu þeir halda styrktarball handa þeim.

...að til standi að gera undirgöng eða brú á Baugshlíð á mótis við Lágafellsskóla.

...að sigurvegarar í vinsælli myndageitraun hjá FaMos í túninu heima hafi verið miklir og mætir Mosfellingar. Þau Gógó Karls, Halla Hallgríms og Benni Linn.

...að fjárréttir þetta árið fari fram 17. september. M.a. Hraðastaðarétt í Mosfellsdal og í Kjósarrétt í Hækingsdal.

...að okkar ástkæri dómarar, Valur Steingrímsson, hafi lent illa í því um daginn. Hann gaf manni rautt spjald og sá brást heldur illur við og réðst á Val við störf sín að Varmá.

Endilega sendið okkur slúður mosfellingur@mosfellingur.is



Árleg sultukeppni á útmarkaði Mosskóga Aldrei meiri þátttaka

Grænmetismarkaðurinn að Mosskógum í Mosfellsdal er jafnan haldin á laugardögum á sumrin. Auk grænmetis er til sölu silungur úr Þingvallavatni og fleira góðgæti. Árlega er haldin sultukeppni og nú var hún haldin sjöunda árið í röð.

Úrslit þetta árið voru þannig að Birta Jóhannesdóttir lenti í þriðja sæti, Sigrún Kristjana lenti í öðru sæti og Björn Guðbrandur lenti í fyrsta sæti með sultuna sína Sólskin. Alls bárust 21 krukka í keppnina að þessu sinni og hafa þær aldrei verið fleiri. Þar kenndi ýmissa grasa, rabarbarasulta með lakkrísrot, kívímarmelaði, rabarbarasulta með sólberjum og piparmyntulafum, ásamt öðrum hefðbundnari sultum.



Stöku sinnum

Stefán Ómar bæjarritari setti saman vísur í tilefni bæjarstjórnarskipta um mánaðamótin.

Til Ragnheiðar

Úr Túninu heima kemurðu.
Úr Túninu heima ferðekki.
Fyrir Túnið heima, rödd þín syngi,
niðrá hinu, háa þingi.

Til Haraldar

Við felum þér herna Túnið heima,
og biðjum þig það vel að geyma,
við spyrjum ei, hvað Túnið heima geri
heldur hvað það, upp-skeri.

FEBGAR

SKYLDLEIKADÁLKURINN



Guðmundur Magnússon
Leirvogstungu



Bjarni Sv. Guðmundsson
Leirvogstungu

Í eldhúsinu

HJÁ HAFDÍSI OG KALLA

Lax á hálum ís

„Það sem gerir matargerð áhugaverða eru ögrandi uppskriftir með samsetningu sem eru óvenjulegar en svo bragðgóðar að það hálfa væri nóg. Hér kemur uppskrift sem sló í gegn hjá okkur hjónunum. Hún er upprunin hjá norsk/islen-skum kunningja okkar, Eiríki Ingólfssyni. Góð fyrir laxveiðimenn til að hafa í huga í sumar. Við mælum ekki með bragðmiklu víni en rautt Rioja vín eins og Muriel Crianza kemur alveg til greina og svo auðvitað hvítvín.“

Uppskrift m.v. 4
12–1500 gr. beinhreinsuð laxaflök
Tandoori paste (t.d. frá Patak's)
ca. 1 krukka eða eftir smekk
Sýrður rjómi
Blandað klettasalat
Vanilluís 1½-2 kúlur á mann
Olívuolífa–Extra Virgin 1-2 tsk.
á mann.
Limesafi 1-2 tsk á mann.
Hrærið saman ís, olívuolífu og lime,
frystið aftur.
Roðflettið laxinn og skerið hann
í hæfilega bita.
Blandið saman sýrðum rjóma og



tandoori paste eftir smekk (sýrði rjóminn mildar sterka tandoori bragðið) og marinerið laxinn í þessu í ½-1 klst.
Grillið laxinn á grilli eða á grind í ofni við 180°C í ca. 10-15 mín.
Berið laxinn fram á klettasaltsbeði.
Setjið 1½-2 kúlur af ís ofan á laxinn og njótið vel.



PÍLUSRÁÐ

fyrirspurnir sendist á pilusehf@simnet.is

Sælur

Ég er með smá vandamál, eða einhvernvegin finnst mér ég alltaf vera í vandræðum með hárið á mér. Þar sem ég átti barn fyrir c.a 7 mán. þá finnst mér eins og hárið á mér sé ónýtt. Hárið mitt er liðað en það er mjög þurr og gróft núna og ég er alltaf búin að setja það í tagl eða snúð. Mig langar að fá glansandi og mjúka áferð á það. Hvað á ég að gera kæri hárgreiðslumeistari? *Kveðja krullukollur*

Kæri krullukollur!!!

Þetta er mjög algengt vandamál eftir meðgöngu. Ef neglur þínar eru líka lélegar er til sérstök vítamín sem er fyrir hár og neglur. Einnig var að koma á markaðinn lína í Kérastase sem heitir Age sem hentar konum erftir barnsburð sem og hári sem er farið að eldast. Það mýkir hárið og færir því líf. Ég veit ekki hvað þú notar í hárið en þú ættir að forðast að nota mótunarförur sem geta þurrkað hárið. Til eru mótunarförur fyrir krullað hár sem mýkja krullurnar og minnka líkurnar á því að þær verði úfnar. Vonandi hjálpar þetta þér eitthvað og ef þig vantar frekari upplýsingar þá ertu ávallt velkomin til okkar á Pílus og við veitum þér frekari aðstoð.

Einnig kemur sérfræðingur frá Kérastase 20. september næstkomandi milli kl. 11 og 15 þýður uppá hárgreiningu.

Kveðja, Pílusráð

Ragnhildur, Sesselja, Lucí, Erna, Ingibjörg, Carmen, Eyrún og Katrín.



Pílus
Hársnyrlislofa ✂

Opið:
mán, þri, mið og fös 9-18
og fim 9-19 lau 9-14

Kjarna - Þverholti 2
Mosfellsbæ
Sími 566 6090

30% AFSLÁTTUR

AF SÓTTUM PIZZUM

	9"	12"	16"	18"
1. MARGARITA Pizzusósa, ostur, oregano	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050
2. BÆJARINS BESTA Pizzusósa, ostur, pepperone, laukur, hvítlaukur, græn pipar, grænir öllur, parmessanostur, ananas	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
3. KJÓTVEISLA Pizzusósa, ostur, nautahákk, skinka, pepperone	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
4. MILANO Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
5. SUPRIME Pizzusósa, ostur, nautahákk, skinka, pepperone, sveppir, paprika, laukur, ananas	1530 1071	2340 1638	2890 2023	3250 2275
6. SALVA Pizzusósa, ostur, skinka, pepperone, sveppir, laukur, grábaostur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
7. HAWAII Pizzusósa, ostur, skinka, ananas	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
8. PEPPERONE Pizzusósa, ostur, pepperone, laukur, ananas	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
9. PIZZA GRÆN Pizzusósa, ostur, sveppir, pistilljörta, hvítlaukur, paprika, tómatar, grænir öllur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
10. OSTAVEISLA Pizzusósa, ostur, piparostur, grábaostur, camembert (þerjasúttu fylgir með)	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
11. PIZZA HAFSINS Pizzusósa, ostur, sveppir, túnfiskur, krekingur, reikjur, hvítlaukur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
12. PISA Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir, piparostur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
13. AMERICANA Pizzusósa, ostur, nautahákk, sveppir, paprika	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
14. EXTRA PEPPERONE Pizzusósa, ostur, hvítaldur skammtur af pepperone, auka ostur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
15. MEXICO Pizzusósa, ostur, nautahákk, gular baunir, jalapeno, paprika, laukur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
16. GRÆNMETISPIZZA Pizzusósa, ostur, sveppir, laukur, paprika, tómatar, gular baunir	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
17. NAPOLI Pizzusósa, ostur, skinka, sveppir, paprika, hvítlaukur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
18. 270 Pizzusósa, ostur, skinka, sveppir, aspás, piparostur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
19. ETNA Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir, laukur, ferskur chili, jalapeno, svartur pipar	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
20. ROMA Pizzusósa, ostur, skinka, ananas, beikon	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
21. PSR Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir, rjómaostur, sv. öllur, sv. pipar	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
22. KRYDDPIZZA (kryddbrauð) Ölluolla, ostur, kryddblanda	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050
23. HVÍTLAUKSPIZZA Ölluolla, ostur, hvítlaukur, hvítlaukskrydd	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050



Meistaradeildin
og enski boltinn
í beinni

Í TÚNINU HJÁ SLÆÆ

Hún var hressandi hátíðin í túninu heima þegar Mosfellsbær hélt upp á 20 ára afmæli sitt. Eða fagnaði því að 20 ár eru liðin frá því að nafninu var breytt úr Mosfellssveit í Mosfellsbæ og sveitarfélagið fékk kaupstaðarréttindi. Það var súrt hvað veðrið sveik okkur á ögurstundu en það réttist svo úr því að lokum og sannir Mosfellingar létu það hvort sem er lítið á sig fá.

Þó svo að ég hafi verið rétt rúmlega fjögurra ára þá man ég nokkuð skýrt eftir því þegar þessi breyting átti sér stað. Ég man að ég sat inn í eldhúsi í Skál sem er húsið sem að mamma og pabbi byggðu og heitir í dag Krókabyggð 1a. Þar sat ég og drakk útlenskan appelsínusafa eins og fínn maður því pabbi var nýkominn heim af sjónum. Ég man að mamma, pabbi og einhverjir gestir sátu með mér inn í eldhúsi og ræddu þessa breytingu. Ég man að ekki voru allir sáttir. Mér fannst á þeirri stundu að ósættin við breytinguna væri aðallega vegna þess að nafnið væri að breytast úr sveit í bæ og það kunní fólkíð ekki að meta. Mér fannst ég skilja þau alveg fullkomlega þar sem ég sat og sötraði djúsinn minn og kinkaði kolla. Ég meina hvaða rugl er það nú hugsaði ég með mér.

En þar sem ég var nú bara rétt rúmlega fjögurra ára stóð mér svona nánast á sama, nema þetta augnablik þarna í eldhúsinu með djúsinn í hendi. Þannig að ég stóð upp hljóp yfir til Odds vinar míns. Við fórum svo niður í skóg með tálgaðar greinar í líki veiðihnífa. Við ímynduðum okkur að við værum veiðimenn og lifðum á rabbabara þar sem lítið var um brád í skóginum fyrir neðan Krókabyggðina. Við skriðum svo heim þegar tekið var að dimma og við komnir með sting í belginn af súrum rabbabara.

Mikið var nú gott að vera lítil kall í Skál.

Ásgeir Jónsson

SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Til leigu

Til leigu herbergi með sameiginlegum aðgangi að eldhúsi, stofu og baði. Leigutími frá 1. okt.-1. júní 2008. Leiguverð kr. 50.000,- per mánuð, rafmagn og hiti innifalið. Leigist einungis reyklausum og reglusömum. Upplýsingar í síma: 849-4733

Heimilisþrif

Óska eftir helst vanri manneskju til að sjá um heimilisþrif aðra hverja viku. Áhugasamir hringi í s: 898-6000 eftir 9. september. Elfa

Íbúð til leigu

Þriggja herbergja íbúð er til leigu í Hjarðarlandi frá og með 1. okt. á 90 þús. kr. á mánuði. Aðeins framtíðarleiga. Upplýsingar í síma: 898-8981

Óska eftir íbúð til leigu

Ábyrgur og reglusamur einstaklingur leitar að 2-3 herbergja íbúð til leigu í Mosfellsbæ. Sími: 691-8275 (Teitur)



Frábær Stiga sláttutraktor

til sölu, glænýr, notaður c.a. 10-15 sinnum. Léttur og meðfærilegur. 12,5 hestöfl Tilvalin fyrir húsfélög eða fyrirtæki. Kostar nýr 270 þús. en ég læt hann á 230þús. Skipti á fjórhjólí möguleg. Högni s: 699-7356/566-6352

ÍSHAMAR

Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - Sími: 586-8356 - ishamar@ishamar.is



Látum blómin tala

Hlin
Blómahús

Mosatorgi, Mosfellsbæ - S. 566 8588



Starfsfólk óskast

Snælandsvideo óskar eftir starfsfólki í dagvinnu virka daga. Viðkomandi þarf að geta aðstoðað í mötuneyti ásamt því að vera í almenntri afgreiðslu og annast innkaup.

Einnig vantar fólk í kvöld- og helgarvinnu. Eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi, 17 ára aldurstakmark. Uppl. gefur Ásta í s: 693-3782.

MOSFELLINGUR KEMUR NÆST ÚT 28. SEPT.

BOLTINN Í BEINNI



ÓPÐ ÖLL KVÖLD



Öll almenn veislu- og veitingaþjónusta

Hvort sem er í heimahús eða í sal. Höfum sali til leigu

Gæðakokkar - Blikastöðum 2 Símar: 586-8412 / 660-2440





Bestu pizzurnar í bænum

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR



Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424



Stelpurnar komnar í úrvalsdeild

Meistaraflokkur kvenna tryggði sér á miðvikudaginn sæti í úrvalsdeild að ári. Stelpurnar gerðu sér lítið fyrir og sigruðu Völsung fyrir norðan eftir að hafa tapað á heimavelli 2-3. Um er að ræða leiki í umspili um hvort liðið kæmst í úrvalsdeild. Meistaraflokkurinn var endurvakinn í fyrra eftir 10 ára hlé og því frábær árangur hjá stelpunum og þjálfara þeirra Gareth O'Sullivan. Myndin er tekin á Reykjavíkurlflugvelli þegar fjöldi fólks tók á móti kampákátum Aftureldingarstelpum.

Mynd/Hilmar



Byggðarholt

Vel skipulögð og innréttuð 159 fm íbúð í 2ja hæða raðhúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnh, fallett baðherbergi m/hornbaðkari, rúmgott eldhús og sólpall með skjólveggjum. Falleg íbúð. V. 31,5 m.



Sími:
588 55 30

Opið virka daga frá kl. 9-18
Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Stórikriki

Fallett 258 fm einbýlishús á einni hæð með fallettum byggingarstil sem afhendist fullbúið að utan en fókelt að innan. Stór lóð. Tvöfaldur bílskúr, tvö baðherbergi, mikil lofthæð og flottur frágangur. Getur afhent á ýmsum gyggingarstigum.



Byggðarholt

Fallett 154 fm. endaraðhús í grónu hverfi í Mosfellsbæ. 3 svefnherbergi rúmgöð stofa með uppteknum loftum. Herbergisálma og góður bílskúr. Hellulagt bílappan. Fallettur garður í góðri rækt. Fallett umhverfi. Fjölskylduvænt hverfi. Stutt í skóla og íþróttasvæði. V. 39 m.



Litlikriki

Raðhús á einni hæð Fjögur raðhús á einni hæð á frábærum stað við Litlikrika í Mosfellsbæ í sölu. Gott skipulag Húsin eru 207 fm og afhendast langt komin með verönd og innbyggðum bílskúr.



Klapparhlíð

Gullfallett 5 herbergja endaíbúð á annarri og efstu hæð með sér inngangi í litlu og fallettu fjölbýli. Sér þvottahús. Í íbúð eru vandaðar innréttingar, tæki og gólfefni. Ný og glæsileg sundlaug og gólfvöllur í næsta nágrenni. V. 29,7 m.



Háholt

Glæsilegar 85-94 fm. íbúður í nýju fullfrágengnu fjölbýli við Háholt í Mosfellsbæ. Húsið er klætt steinflisum að utan og mjög vandaðar hellulagnir og frágangur á lóð. Eignirnar eru með vönduðum innréttingum. Frágangur góður. Nokkrar íbúðir eftir í þessu glæsilega húsi.



Klapparhlíð

Ný á skrá. Falleg 91 fm. íbúð á 3. hæð og efstu í glænýju fjölbýli fyrir 55 ára og eldri. Sér inngangur og vönduð gólfefni auk innréttinga. Stórar svalir í suður. Opið í eldhús úr stofu. Tvö góð svefnherbergi. Lyfta. Topp frágangur. V. 26,5